# FÉLAGSBLAÐ STANGVEIÐIFÉLAGS KEFLAVÍKUR

1. TBL. 36. ÁRGANGUR 2019



## Stangveiðifélag Keflavíkur
## 1958 - 60 ára - 2018

**Stangveiðifélag Keflavíkur**
Hafnargötu 15 eh • 230 Keflavík • Sími: 421 2888
Heimasíða og vefverslun: svfk.is • Netfang: svfk@svfk.is

*Söluskrá 2019*





# FÉLAGSBLAÐ STANGVEIÐIFÉLAGS KEFLAVÍKUR

1. tbl. 36. árgangur 2019

*Útgefandi:*
Stangveiðifélag Keflavíkur

*Ritnefnd:*
Stjórn félagsins
Svavar Ellertsson

*Auglýsingar:*
Stjórn félagsins

*Hönnun:*
Svavar Ellertsson

*Prentun:*
Stapaprent




***Myndin á forsíðu er tekin við Lundasteina í Geirlandsá. Ljósm. Svavar Ellertsson***

Allar myndirnar í blaðinu eru birtar án þess að höfundar sé getið. Ástæðan er sú að ritnefnd hefir fengið sendar myndir frá frá félagsmönnum jafnvel án þess að vita hver eigandinn er og því síður hver smellti af. Hér með er þakkað fyrir afnotin. Jafnframt viljum við hvetja veiðimenn til að taka enn fleiri myndir á komandi veiðitímabili.



# *Jákvæði ávöxtunarreikningurinn*



Heilir og sælir félagar í Stangveiðifélagi Keflavíkur.

Nú þegar daga tekur að lengja á ný og dagsbirtunnar að njóta lengur, er ekki laust við að hugurinn reiki við árbakkann og liðnar viðureignir við þann silfraða skjóti fram kolli í huganum. Það er nefnilega ekkert skemmtilegra fyrir okkur veiðimenn og konur, en að rölta meðfram árbakkanum með stöng í hönd og kasta fyrir lónbúann, athuga hvort hann vilji þetta agnið eða hitt, og bang hann er á. Við erum að búa til ómetanlegar minningar, setja þær í bankann, og tökum þær síðan út til notkunar þegar við erum aðfram komin af því sem kallast veiðihungur. Einnig tökum við dágóðan skammt út af reikningnum þegar við hittum félagana sem eru að segja frá sínum minningum, og leyfum þeim að njóta ávöxtunarinnar af okkar inneign með okkur. Ávöxtunin getur í sumum tilfellum verið orðin nokkuð mikil, sérstaklega ef langt er um liðið að veiðiminningin varð til. Það hugsa ég að flestir kannist nú við. En hvað er nú betra og skemmtilegra, en þegar inneignin er orðin margföld miðað við það sem lagt var inn í upphafi, einungis vegna þess að við stjórnum ávöxtuninni sjálf. Ekki leiðinlegur reikningur það.

Alltaf finnst mér jafn gaman að fylgjast með og verða vitni að því þegar veiðimaður eða kona, sem hefur barist við fisk í góðan tíma, gerir síg kláran í að landa fengnum. Það sem gefur manni svo mikið er að sjá viðbrögðin og tilfinningarnar þegar aflaklóin er komin með fiskinn í hendurnar. Sumir brosa allan hringinn og gefa frá sér gífurlegt gleðiöskur. Aðrir eru alvarlegir, yfirkomnir af stressi við að missa nú ekki fiskinn áður en að löndun var komið. Síðan eru þeir sem skjálfa og titra svo mikið, að þeir geta ekki með neinu móti losað agnið úr fiskinum  svo vel sé. Adrenalínið búið að fylla allar æðar, og þær sem eru á enninu orðnar svo bólgnar að það er eins og að horfa yfir dali og fjallgarða þegar litið er í andlit veiðifélagans. En eitt eiga allar þessar veiðiklær sameiginlegt. Það er að líta upp og gleðjast, slaka á spennunni, þegar makkerinn kemur og tekur þátt í gleðinni með sínum veiðifélaga. Að samgleðjast veiðifélaga er að mínu mati svo mikilvægt og lýsir ósvikinni gleði allra með fenginn. Jákvæðni er nefnilega besti ferðafélagi veiðimannsins og konunnar. Það er hægt að bjarga mörgum veiðitúrnum, þar sem aflabrögð hafa ekki verið sem skyldi, einungis með því að sjá náttúruna og allt það jákvæða sem umlykur mann þegar haldið er til veiða með góðum félögum.

Eitt er það sem mig langar aðeins að minnast hér á. Það er það mikla hagsmunamál sem laxeldið er. Alveg finnst mér það vera með ólíkindum hvernig framgöngu þeirra sem að málinu koma er háttað. Það geta ekki verið mikið geimvísindi að átta sig á því að náttúran á alltaf réttinn, þegar komið er að því að spá í spilin hvað sé nú rétt og hvað ekki. Ef reynslan annarsstaðar sýnir að sýkingar, erfðablöndun, lúsafaraldur og hrun í laxveiðiám sé staðreynd afhverju ætti þetta að vera öðruvísi hér við okkar strendur. Það er hreinlega ekkert sem segir okkur það. Óþolandi þykir mér að hlusta á þá sem reyna að telja okkur hinum trú um það að þetta verði ekki svona hjá okkur, eða við séum með betri græjur en hinir. Erfðablöndun geti ekki átt sér stað og svona mætti lengi telja áfram. Síðan mitt í allri umræðunni kemur ítrekað frétt um gat á einhverri kvínni. Sumar fréttirnar meira að segja um göt sem fundust fyrir einu eða tveimur árum en það bara láðist að nefna það. Þetta er bara ekkert flókið, náttúran er númer 1 og alla leið til 10. Ekki hagsmunir þeirra sem eiga laxeldin.

Á síðasta ári varð félagið okkar 60 ára og er í þessu blaði rakin saga félagsins síðustu 10 árin í grófum dráttum. Bæði er komið inn á samningamálin jafnt og þær framkvæmdir sem unnar voru af mikilli óeigingirni af félagsmönnum. Aftar í blaðinu er nánar farið í þessa sögu.

Veiðin á svæðum félagsins var að megninu til mjög góð í fyrra. Sjóbirtingurinn fyrir austan var í ágætis gír þegar kom að töku. Merkilegt þótti samt að þegar leið á veiðitímann var eins og eitthvert ástand færðist yfir allt svæðið, átti það við veiði á öllum þeim svæðum sem sjóbirtingur veiðist á í Skaftafellsýslu. Nóg var af fiski til staðar en takan datt niður og erfitt var að fá silfraða konunginn til að taka agn veiðimanna.  Reykjadalsáin skilaði svo sannarlega sínu að venju og er með magnaða veiði miðað við að einungis er veitt á tvær stangir. Hrolleifsdalsáin skilaði sínum aðdáendum mikilli gleði að venju. Þeir sem lögðu sína leið í Vesturhópsvatn urðu ekki fyrir vonbrigðum þar sem fín veiði og góður aðbúnaður glöddu hjarta gestanna.

Að venju var starfsemi félagsins mikil á liðnu ári en auðvitað líkt og í öllu er alltaf hægt að gera betur. Einnig er rétt að benda á að alltaf eru til pláss í störfum innan félagsins fyrir duglega menn og konur sem áhuga hafa á.

Ekki verður tölu á það komið hvað þeir Arnar Óskarsson og Svavar Ellertsson hafa komið að uppsetningu og vinnslu efnis í mörgum félagsblöðum og söluskrám. Hefur Arnar unnið mikið starf við að taka saman á einn stað, allt það efni sem prýðir blöðin okkar, og yfirlestur að uppsetningu lokinni. Svavar hefur séð um alla  uppsetningu og prentun blaðanna. Kunnum við þeim félögum miklar þakkir fyrir.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim sem hafa rétt okkur hjálparhönd og stutt félagið, en það er alveg ómetanlegt fyrir félög að eiga góða að þegar vantar.

Stjórnarfólki, nefndarmönnum og veiðréttareigendum vil ég þakka gott samstarf á nýliðnu ári.

***Hafið gott veiðiár.***
***Gunnar J. Óskarsson***

*Sigmar Ingason:*

# Þeir stóru




*Haukadalsá í Dölum opnunarholl. Frá vinstri: Sigurður Ingimundarson, Ársæll Jónsson, Benedikt Jónmundsson, Guðni Eyjólfsson, Ragnar Pétursson, Ársæll Valdimarsson, Jóhannes Björnsson og Tómas Runólfsson. Stjórnarmenn úr SVFK og SVFA.*

*Þið sem stundið stangveiði kannist víst öll við drauminn um þann stóra. Sá draumur sest að í sálinni fljótlega eftir fyrstu veiðiferðirnar og víkur ekki þaðan næstu árin, heldur tekur sér þar bólfestu og gerir vart við sig öðru hvoru bæði í vöku og svefni. Víst erum við mörg í hópi stangveiðifólks sem njótum þeirrar ánægju að draumurinn rætist og við náum því að veiða stóran fisk einu sinni eða oftar.*

*Svo getum við náttúrulega velt því fyrir okkur hvar eigi að draga mörkin. Hvað þarf fiskur að vera þungur eða langur til þess að hljóta sæmdarheitið sá stóri.*

Þetta er auðvitað misjafnt eftir tegundum en hér ætla ég bara að tala um laxana. Ég set markið við 7,0 kg. Fiskar af þeirri þyngd eru oftast u.þ.b.85 sm að lengd – misjafnt eftir vaxtarlagi.

Margur veiðimaðurinn má bíða lengi eftir því að veiða lax af þeirri stærð og í sumum laxveiðiám heyrir það til undantekninga að svo stór fiskur veiðist.

Ég held að það hafi verið árið 1963 sem ég byrjaði að grípa í stangveiði – sé sárlega eftir því að það skyldi ekki gerast miklu fyrr.

Á þeim árum var verð á veiðileyfum í góðum laxveiðiám ekki hærra en svo að iðnaðarmaður með meðaltekjur gat vel leyft sér að skreppa þar til veiða á góðum tíma einu sinni eða tvisvar á sumri.

Ég gerðist félagi í SVFK um leið og ég fór að fást við stangveiði en á þessum árum hafði félagið til sölu veiðileyfi í Haukadalsá í Dölum í samvinnu við Stangveiðifélag Akraness. Ég tók tryggð við Haukuna og fór þangað til veiða á hverju sumri þangað til einhver peningatröll tóku hana á leigu og fóru að selja útlendingum veiðileyfi á verði sem var langt ofan við mína kaupgetu.

Það var einmitt á þessum tíma í Haukunni morgun einn á heimferðardegi að það féll í minn hlut að veiða á neðsta svæði árinnar. Bílaslóðin náði ekki nema rétt niður undir veiðisvæðið, svo þurfti að ganga. Ég fór einn til veiða þennan morgun, ég man ekki af hverju – venjulega vorum við tveir saman um stöng í

*Á veiðisvæði Víðidalsár*



þessum ferðum. Þetta var snemmsumars og veiðivon góð. Ég var með sérhannaðan bakpoka til að bera fiska í, það kom sér stundum vel á þessum árum.

Skemmst er frá því að segja að þarna voru nýgengnir fiskar í hverjum veiðistað og tóku fúslega bæði maðkinn minn og Devoninn - annað var þeim ekki boðið, þegar þetta var hafði ég aldrei reynt að kasta flugu.

Löngu áður en veiðitíminn var útrunninn var pokinn orðinn svo þungur að mér fannst rétt að fara að koma mér áleiðis að þeim stað sem ég átti von á bílnum að sækja mig. Þegar ég var kominn á eyrina stóru á móts við bílaslóðina var ennþá drjúgur tími í það að von væri á bílnum.

Þarna meðfram eyrinni er stór breiða í ánni, ekki djúp og ekki merkt sem veiðistaður en ég hafði heyrt að þar veiddist þó stundum. Ég ákvað því að nota tímann og kasta þar um stund. Devoninn varð fyrir valinu, þetta var einmitt þannig staður.

Eftir fáein köst tók fiskur og það í fullri alvöru. Viðureignin varð snörp en ekki mjög löng, mér tókst að koma laxinum inn í lygnupoll meðfram sandeyri dálítið neðan við breiðuna og þar með voru örlög hans ráðin. Mikið fannst mér þetta fallegur fiskur og svona líka stór - tuttugu pund? Já líklega eða fast að því.

Þegar upp að veiðihúsi kom vakti stóri laxinn minn bæði eftirtekt og aðdáun. Einhver sagði með spurnartón í röddinni: 20 pund? (við töluðum alltaf um pund á þessum árum). Ég sagði eins og var að ég hefði ekki verið með vog meðferðis og fiskurinn hefði því ekki verið veginn. Andartaki síðar voru a.m.k. þrjár vogir komnar á loft. Mig minnir að ekki hafi allar vogirnar gefið sömu niðurstöðu en það vantaði greinilega nokkuð í 20 pundin og skráningin í veiðibókina var 17 pund.

Á árunum eftir að ég hröklaðist úr Haukunni greip ég í veiðiskap í ýmsum ám þar sem von gat verið á stórlöxum. Oftast fór ég í Reykjadalsá og Víðidalsá en næsti stórlax lét bíða eftir sér. Ekki get ég neitað því að það leitaði stundum á huga minn að einhvern tíma á veiðimannsferlinum þyrfti ég að ná því að veiða 20 punda lax. Ég held að ég hafi ekki rætt þetta mikið við aðra en hef mig grunaðan um að hafa haft þetta í huga þegar ég fór að stunda veiðar í Stóru Laxá í Hreppum – þeirri frægu stórlaxaá.

Þar veiddi ég í nokkur ár og valdi mér það glæsilega fjórða svæði efsta veiðisvæði árinnar með sínum djúpu gljúfrum og stórbrotna landslagi.

Veiðin var misgóð eins og gengur 1-5 fiskar í ferð og ég held að ég hafi aldrei komið þaðan fisklaus.

En eitt kom mér á óvart, ég náði aldrei í stóran fisk, sá stærsti var 8 pund og ferðirnar fóru að strjálast.

Þá er frá því að segja að ég fékk



*Glúfrið í Stóru-Laxá*

veiðileyfi í afmælisgjöf og mátti hafa áhrif á það hvaða veiðisvæði yrði fyrir valinu og ég valdi fjórða svæðið í Stóru Laxá.

Þegar þangað var komið á áliðnu sumri – líklega var ártalið 1993 – brá svo við að mér gekk illa að finna fisk. Það var ekki fyrr en mjög var liðið á minn afmarkaða tíma að það tók hjá mér fiskur. Ég var að veiðum við glæsilegan hyl niðri í gljúfrunum djúpu þegar Devoninn minn var tekinn og eftir hefðbundna glímu kom glæsilegur stórlax á land. Sú sem gefið hafði mér leyfið stóð við hlið mér og ég veit ekki hvort okkar gladdist meira.

Þótt þessi fiskur væri bæði stór og fallegur þóttist ég sjá það strax að ekki næði hann 20 pundunum enda kom það í ljós þegar hann var veginn á voginni utan á veiðihúsinu að hún sýndi "aðeins" 8.0 kg.

Svo líða árin og ég er sestur að á Austurlandi og farinn að stunda sjóbleikjuárnar það eystra mér til óblandinnar ánægju, ég held að ég hafi verið hættur að hugsa um 20-pundarann.

Norðfjarðaráin varð snemma í sérstöku uppáhaldi – svo miklu reyndar að ég hef farið þangað til veiða á hverju sumri undanfarin 11 ár og geri enn þótt nú sé ég aftur komin á Suðurnesin.

Þá er frá því að segja að seint í júlímánuðu – líklega árið 2011– er ég staddur við stóra og veiðilega breiðu í Norðfjarðaránni. Þetta er lygn og djúp breiða og meðfram hinum bakkanum er svolítil straumhreyfing. Fyrri reynsla mín var að þar væru bleikjurnar fúsastar til að taka fluguna. Bleikjurnar voru ekki mættar en silfraður smálax var svo vinsamlegur að glefsa í fluguna mína en hann losaði sig strax með því að stökkva og bröltа snöggvast í yfirborðinu.

Ég hélt áfram að kasta sömu flugunni en náði ekki þeim árangri sem ég vildi – að láta fluguna detta í vatnið alveg við bakkann og berast þaðan út í strauminn. Golan var óhagstæð og ég enginn snillingur í fluguköstum og ég ákvað að reyna aðra aðferð. Ég var líka með kaststöng meðferðis, mjúka 7 feta stöng með nettu hjóli og 12 punda línu, dæmigerðan útbúnað í silungsveiði. Vissulega var mér kunnugt um að í ánni veiddust árlega nokkrir laxar – eitthvað um 40 þegar best lét. Ég hafði meira að segja veitt nokkra



*Sigmar við veiðar í Norðfjarðará*

sjálfur en það voru eingöngu smálaxar 4-6 pund og ég hafði engar spurnir af því að þarna veiddust stórir laxar.

Ég ákvað að reyna Devoninn það hefur oft reynst mér vel. Það var Haraldur Ágústsson fyrrum stjórnarmaður í SVFK sem kenndi mér að veiða á Devon. Hann hnýtti Devoninn aldrei beint á línuna heldur setti hann þar sigurnagla og bætti svo við u.þ.b. 30 sm löngum taumi úr grennra efni en línan. Þessari vinnureglu fylgdi ég og notaði 9 punda taum.

Það var enginn vandi að kasta Devoninum yfir að bakkanum. Strax í fyrsta kasti tókst mér að láta hann detta í vatnið fast við bakkann og hann hafði ekki borist nema 3-4 metra út í breiðuna þegar fiskurinn tók. Átakið var þungt og ákveðið en engin læti, nokkrir snöggir rikkir og síðan smá ferðlag niður eftir breiðunni og þar við sat, þarna hafði hann ákveðið að vera fyrst um sinn.

Það hefur lengi verið siður minn að líta á klukkuna þegar ég hef sett í vænan fisk, forvitnilegt að vita hvað viðureignin verður löng og það gerði ég líka í þetta sinn.

Nú upphófst langt og tilbreytingarlítið þóf. Ég tók á fiskinum eins og ég taldi að mín nettu veiðitæki þyldu. Það var ekki mikið átak og kannske var það þess vegna sem fiskurinn var ekki með nein tilþrif á hinum enda línunnar. Hann færði sig þó til öðru hvoru, fór alveg upp undir straumstenginn efst í breiðunni og þaðan aftur niður á staðinn þar sem hann tók, fór sér í öllu hægt. Hann tók aldrei nein snögg viðbrögð, bylti sér aldrei í yfirborði, þetta var sem sagt mjög yfirvegaður fiskur.

Og tíminn leið. Ég leit öðru hvoru á klukkuna og undraðist að ekkert skyldi gerast. Loks tók ég eftir breytingu. Hann var farinn að láta sig síga hægt og hægt undan straumi, svo kom að því að hann fór líka að láta undan átakinu og færast nær mér. Að endingu gat ég stýrt honum upp í grunnt vik við bakkann og þar lá hann á hliðinni hreyfingarlaus. Þá voru liðnar 65 mínútur síðan hann tók.



*Vonglaðir veiðimenn við veiðihúsið að Hömrum við Brúará*



*Veiðistemning við Víðidalsá*

Á þessum tíma var málband og lítil vog orðin staðalbúnaður í veiðivestinu mínu. Laxinn var 92 sm á lengt og ég treysti vasavoginni minni ekki fyrir þessum fiski, kom við á bensínstöðinni og þar var hann veginn. Niðurstaðan 8,2 kg .

Þá voru þeir orðnir þrír stóru laxarnir mínir, engin ástæða til að kvarta þó 20 punda markinu yrði ekki náð.

Þó verður ekki við þessa upprifjun skilist án þess að segja frá einum fiski enn. Þeim fiski náði ég ekki að landa en ég komst – að því er ég taldi – í traust samband við hann en samskiptum okkar lauk á annan veg en ég stefndi að.

Þá er frá því að segja að ég fer að venja komur mínar norður í Víðidalsá.

Þá var sá háttur á hafður þar í sveit að bændur gátu fengið keypta veiðidaga á hagstæðu verði undir lok veiðitímans. Ég naut góðs af fjölskyldutengslum þangað norður og fékk veiðileyfi í september í allmörg ár. Þorgeir bóndi á Fitjum útvegaði þessi leyfi og kom líka með mér til veiða fyrstu árin. Þetta voru góð ár og eftirminnilegar veiðiferðir. Á þessum tíma var að vísu farið að draga úr laxveiðinni sem þó var stundum bara góð og líka var von á ágætri bleikjuveiði.

Ég hlakkaði alltaf til þessara haustferða í Víðidalinn m.a. vegna þess að þar voru laxarnir stærri en í öðrum ám sem ég veiddi í á þeim árum og ég hagaði veiðibúnaði mínum í samræmi við það. Þegar ég var að búast til ferðar þeirrar sem hér verður sagt frá, taldi ég rétt að skipta um línu á kasthjólinu mínu. Ég var í nokkur ár búinn að nota aðeins tvær gerðir af línum, fannst þær betri en aðrar sem ég hafði reynt. Þessar línur báru vörumerkin Abulon top og TrileneXL. Nú vildi svo til að í verslununni sem ég skipti yfirleitt við, voru þessar línur ekki til í þeim styrkleika sem ég vildi fá en sá sem afgreiddi sagðist eiga aðra tegund jafngóða Spin Speed 18 pund. “Þýsk gæðavara,” sagði hann og sú lína fór á hjólið.

Svo er ég kominn norður í Víðidal og er staddur við veiðistað þann í Víðidalsánni sem heitir Dalsárós. Þetta er heimferðardagur og við eigum að hætta að veiða kl.



*Veiðihúsið að Hömrum*

13:00. Þorgeir hafði brugðið sér frá í einhverjar útréttingar og ætlaði mér það sem eftir var af veiðitímanuam. Við vorum búnir að veiða einhverja laxa og dálítið af vænni bleikju.

Veiðistaðurinn Dalsárós er stór og glæsileg breiða. Efst í henni er myndarlegur straumstrengur síðan breikkar hún og grynnist. Ofan við straumstrenginn áðurnefnda rennur áin um dálitla þrengingu meðfram grasbakka og þar ofan við tekur við djúpur hylur ekki stór. Út í þennan hyl fellur Dalsáin, sem reyndar er bara myndarlegur lækur og endar þar í lítilli straumtungu.

Neðan við grasbakkann tekur við eyri meðfram breiðunni. Þangað liggur bílaslóðin og þar er mjög þægilegt að standa að veiðum.

Ég byrjaði að kasta flugunni ofarlega í strenginn fór mér hægt og endaði niður undir broti. Engin viðbrögð. Devoninn næst.

Laxinn tók þar sem straumstrengurinn þynnist út og sameinast lygnri breiðunni. Engin læti, devoninn stöðvaðist bara og um leið velti laxinn sér í vatninu og ég sá þessa löngu ljósu hlið og hugsaði um leið "Er einhver von til að ná svona stórum fiski á land." Já þessi langa ljóslita hlið. Hvað var hún eiginlega löng? Smiðsauga mitt sagði: Metar, kannske rúmlega það. Bjartsýni veiðimannsins sagði: Örugglega meira en einn og tíu.

Fiskurinn hreyfði sig ekki úr stað, hann var beint út af mér úti í miðri breiðunni. Ég hreyfði mig heldur ekki út stað, stillti bremsuna á hjólinu eins og mér líkaði og togaðist svo á við laxinn svo fast sem ég þorði. En það gerðist ekki neitt og það leið löng stund.

Það sem loks gerðist kom mér á óvart, það slaknaði aðeins á línunni og laxinn færðist nær mér hægt og rólega, ég hafði það samt á tilfinningunni að það væri hann sem réði ferðinni en ekki ég. Það kom líka á daginn. Þegar hann átti nokkra metra ófarna að eyrinni sveigði hann undan straumi og hélt áfram nærri því niður undir brot. Þar sveigði hann þvert yfir ána og svo áleiðis upp með hinum bakkanum. Já, það var svo sannarlega hann sem réði ferðinni.

Þetta ferðalag endaði uppi í hylnum sem Dalsáin rennur út í og eftir að hafa kannað þann hyl dálítið nam laxinn staðar undir straumtungunni við árósinn. Ég fylgdi honum að sjálfsögðu eftir, það var auðvelt, hann fór mjög hægt. Allan tímann togaði ég eins fast og ég þorði, það virtist engin áhrif hafa.

Þorgeir kom rétt þegar fiskurinn var búinn að ákveða að setjast að við Dalsárósinn. Hann stóð svo við hliðina á mér og við biðum eftir því að eitthvað gerðist.

Veiðitíminn var liðinn og bráðlega komu þeir til okkar veiðimennirnir sem



*Þetta átti að vera laxveiðiferð en bleikjurnar voru viljugri að taka*



*Frá Stóru-Laxá*



*Brekkurnar eru brattar og laxarnir bíða*

áttu hitt leyfið á þessu svæði. Þeir námu staðar hinum megin við ósinn á Dalsánni og hjálpuðu okkur að bíða.

Biðin varð ótrúlega löng og annar hinna aðkomnu sagði: "Þú verður að fara að drífa í þessu næsta veiðiholl fer að koma."

Allt í einu var svo þessi tilbreytingarlausa bið á enda. Það örlaði á hreyfingu í yfirborðinu og skyndilega sáum við hálfa sporðblöðku og bakugga en aðeins í andartak, sporðinum var sveiflað kröftuglega til hliðar með gusugangi, það kom snöggur rikkur á línuna og hin nýja þýskættaða 18 punda Spin Speed slitnaði við stangartoppinn.

Það þögðu allir andartak en svo sagði annar hinna aðkomnu "Hvað var þetta eiginlega stór fiskur?" og félagi hans svaraði, að bragði: "Svona 30 pund." "Nei," sagði sá sem spurt hafði, "hann var miklu stærri."

Ég man ekkert hvað ég hugsaði eða hvað við Þorgeir sögðum á heimleiðinni. Vonbrigðin sátu í mér og þar við bættist að nú uppgötvaði ég að ég var komin í tímaþröng. Ég ætlaði að ná Akraborginni á Akranesi til þess að þurfa ekki að aka Hvalfjörðinn. Nú dugði ekkert slór. Dóti mínu var hent aftur í Broncoinn, fiskar, fatnaður og veiðigræjur, allt í einni bendu. Á Hrútafjarðarhálsinum tók ég eftir því að það var orðið lágt á bensíntankinum ekki hægt að treysta á að það dygði til Akraness. Ekki gladdi það mig. Ég renndi inn á planið við söluskálann á Brú, skárra að verða of seinn en að verða bensínlaus. Þetta var fyrir tíma greiðslukortanna margir gengu með ávísanahefti í veskinu. Ég var í þeim hópi. Ég tók mér stöðu við afgreiðsluborðið og skrifaði ávísun. Það var ekki eins auðvelt og það átti að vera. Ég var utan við mig spenntur og skjálfhentur. Ég leit á konuna sem afgreiddi mig um leið og ég rétti henni ávísunina. Hún horfði á móti og úr svip hennar las ég hvað hún hugsaði: "Þessi ætti nú ekki að aka bíl."

***Ég náði Akraborginni.***
***Sigmar H. Ingason***







# *Stjórn SVFK opnaði Grenlæk sv 4 dagana 7.-9. maí*

*Það var tekið til hendinni í veiðihúsinu og var sett ný klæðning á elstu álmuna ásamt því að slegið var upp skjólvegg við pallinn og gluggar málaðir að utan ofl. Nýir kojustigar voru einnig settir upp í öllum herbergjum. Gömlu klæðningunni var svo komið á kerru og í gám á Klaustri.*

*Það var frekar veiðilegt veður þegar menn fóru niður á svæði til að veiða og var vel við hæfi að Björgvin Magnússon árnefndarformaður setti í fyrsta fiskinn við brúna um 10 leytið. Með því var gefinn tónninn og var fiskur viljugur til töku á öllu svæðinu það sem eftir lifði.*

*Á heila deginum kólnaði aðeins og gekk á með haglédjum inn á milli en það kom síður en svo í veg fyrir að það tæki fiskur. Var mikill fiskur á öllu svæðinu og látum við myndunum eftir að segja meira um opnunina.*








SVFK
SVFK




SVFK
SVFK

*Guðmundur Guðjónsson:*

# Frábær reynsla af Vesturhópsvatni



**Okkur hefur oft langað til að skoða Vesturhópsvatn, staðinn sem Stangaveiðifélag Keflavíkur flutti sig til eftir að hafa orðið brottrækir úr Heiðardal. SVFK kom sér upp stórkostlegri fjölskyldu- og barnavænni aðstöðu við Vesturhópsvatn, en einhverra hluta vegna er lítill áhugi. Þess vegna langaði okkur að fara þangað og vega og meta.**

Við förum ekki í neinn samanburð. En við fórum fyrst um Hvítasunnuna. Þá voru lítil börn með í för. Seinna fórum við í einn sólarhring, ríflega viku seinna. Þá var ekki vetur lengur, komið einhverskonar vor.

Niðurstaðan af Vesturhópsvatni er að það er enginn einn veiðistaður. Þetta eru nokkur hundruð metrar og það er fiskur alls staðar. Við veiddum nóg, hefðum getað veitt yfir okkur, sérstaklega í seinni túrnum þegar vetur hafði kvatt okkur. En það voru tökur og fiskar líka í snjókomunni og hríðarbyljunum um Hvítasunnuna. Fiskur tók litla spinnera, Krók, Peacock….og þetta var allt fínn fiskur, urriði, bleikja. Einn sem slapp var ca 4 punda urriði, þannig að slíkir fiskar eru þarna. Þegar líður á sumar er meira að segja von á sjógenginni bleikju og urriða, jafnvel laxi.

Þess utan. Dásamlegur staður. Ugla á sveimi, himbrimi á vatninu, rjúpur um allt. En fyrst og fremst frábær staður til að fara með fjölskylduna og setja börnin inn í veiðiskapinn. Aðstaðan til mikillar fyrirmyndar, parhús, 50 fermetrar hvort og frábært skipulag. Bátar í boði. Okkur hlakkar til að fara aftur.



*Það þarf að sýna ömmu aflann….*



*Næturmynd, tveir tímar og margir misstir. Allt flottir fiskar, vatnið er smekkfullt af flottum fiski. Þetta kom allt á Peacock og Krókinn.*

# Svipmyndir úr leik og starfi í 60 ár



*Sigurður Erlendsson, Friðrik Sigfússon og Ástvaldur Þórðarson fyrrverandi formenn félagsins á 15 ára afmæli félagsins 1973*



*Árshátíð félagsins í Stapa*



*Fjölmenni var við vígslu félagsheimilisins við Suðurgötu*



*Árnefnd að störfum Vatnamótunum*



*Gamla veiðihúsið í Vatnamótunum*



*Parketlögn í félagsheimilinu á Hafnargötu 1992*



*Sigurður Pálsson kennir hnýtingar*



*Verðlaunahafar á árshátíð 1973*



*Vinna við byggingu svefnálmu Vatnamótahúss, síðar setustofa í Grenlækjarhúsi*


vfs.is
Milwaukee®
ALVÖRU
VERKFÆRI
VERKFÆRA
SALAN
VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • DALSBRAUT 1, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is

# *Eftir mikil læti og gauragang hafði ég betur*

## *- Stutt uppgjör frá fyrstu vorferð okkar veiðifélaganna í Geirlandsá dagana 11.-13. apríl*

**Ég fékk að kljást við sannkallaðan höfðingja í Geirlandinu sl vor. Þegar leið á bardagann áttaði ég mig smátt og smátt á því að þetta væri vafalaust sá allra stærsti sem ég hef náð á stöngina í þau 25 ár sem ég hef stundað sportið. Eftir mikil læti og gauragang hafði ég betur. Við mældum hann við stöngina, þar sem við vorum skussar og gleymdum málbandinu.**

Þegar ég kom heim og mældi þangað sem hann náði á einhendunni góðu komst ég að því að hann var 94 cm.

Ég átti svo við annan sem ég held að hafi jafnvel verið enn stærri, en sá hafði betur (þeir eru alltaf stærri sem sleppa). Ég landaði svo enn einum sem var ekkert mikið minni. Á næstseinustu vakt hafði ég landað 11 birtingum og enginn þeirra var undir 5 pundum, þessi ferð var ótrúleg hreint út sagt og ég held að ég hafi aldrei lent í öðru eins ævintýri.

Við félagarnir enduðum í 40 birtingum og enginn fór heim með öngulinn í rassinum, að sjálfsögðu var góður matur í boði hjá BÓ (Bjarna Óla) og þar á meðal rammíslensk kjötsúpa, sem á að vera það eina sem stenst lög í veiðiferðum.

*Sigurpáll með höfðingjann*



Ég vil þakka vinum mínum fyrir frábæra ferð, þessi hópur er alltaf ávísun á frábæra skemmtun og það held ég að klikki barasta aldrei, alveg sama hvort fiskast eður ei.

Ég át hinsvegar nokkur pör af daunillum sokkum þegar ég kom heim, en almennt er heldur enginn skortur á þeim eftir veiðiferðir. Ég hef nefnilega alla tíð talað á móti vorveiði, fundist hún óspennandi þar sem menn draga á land úrvinda, hálfdauð og grindhoruð kvikindi sem rétt álpast til þess að komast lífs af undan vetri. Þvert á móti fer þessi ferð beint á verðlaunahilluna sem ein af topp fimm skemmtilegustu ferðum sem hef ég farið í veiði, þessi á geymir fiski vel yfir veturinn og er að auki smekkfull af vænum geldfiski. Við erum allir þrælspenntir fyrir að fara aftur næsta vor. Það var einmitt það sem gamli maðurinn, Óli Baldur Bjarnason Geirlandsársérfræðingur hafði sagt okkur, "þið eigið eftir að fara þangað aftur og aftur" og hvað lærir maður? Maður á alltaf að hlusta á gamla menn.....já eða oftast.

Geirlandsáin er hrikalega spennandi og sérstaklega þar sem allt efrasvæðið er enn ókannað af okkur.

Ég sleppti að sjálfsögðu þessum stórhöfðingja og ætla mér reyna mitt allra besta til að hitta hann aftur í haust. En ef ekki þá er í það minnsta alveg nóg fyrir mig að vita af honum þarna í ánni, sílspikuðum og myndarlegri en nokkurntíma fyrr.

***Veiðikveðja,***
***Sigurpáll Davíð Eðvarðsson***



*Óskar Gunnarsson smellir kossi*



*Ánægjan leynir sér ekki*



*Frelsinu feginn*

# *Frábær opnun í Geirlandsá*

*Það var fullt af fiski í ánni og settu menn vel í hann á neðstu svæðunum. Áður en dagurinn var úti þá var búið að landa rúmlega 80 fiskum. Um nóttina snjóaði mikið og var frekar kalt í veðri seinni daginn. Skutust samt tveir til veiða á meðan hinir tóku til hendinni í veiðihúsi og gerðu klárt fyrir komandi veiðihópa. Settu þeir í 14 fiska á ca 50 mín. Í heildina voru færðir til bókar 94 fiskar. Bæði geldfiskur og hrygningarfiskur í bland. Öllum hrygningarfiski var sleppt eins og reglur segja til um og langflestir geldfiskana fengu einnig frelsi. Nóg var af fiski á svæðinu fram í miðjan maí en samt var frekar kalt á svæðinu og vatnsleysi.*



# Frá veiðimönnum...

## Geirlandsá 9. apríl

*Skafti Þórisson skrifar*

Ég og Jónas Marteinsson vorum i Geirlandinu og lönduðum 43 birtingum og 1 bleikju. Hirtum 13 fiska, nánast allt á flugu, fengum lika á Lippu. Vorum 5.- 7. april. Takk fyrir okkur!

## Geirlandsá 14. apríl

*Grétar Ingólfur Guðlaugsson skrifar*

Við félagarnir Ísleifur Gíslason , Þorsteinn Einarsson og Sigmar Árnason vorum í Geirlandinu 9.-11. apríl og áttum þar góðar stundir í þokkalegu veðri. Á þriðjudaginn rigndi lítið eitt sem gerði það að verkum að það hækkaði talsvert í ánni og var ekki vanþörf á því. Við fengum rúmlega 50 fiska sem voru alveg upp í 88 cm en mikið var um stóra fiska og lítið af geldfisk og slepptum við flest öllum fiskunum.

## Grenlækur sv 4, 21. maí

*Óskar Færseth skrifar*

Vorum að koma úr Grenlæk, félagarnir og var flott veiði þrátt fyrir rok og haglél þann 19. og 20. maí en þokkalegt veður í dag 21. maá. Sett var í um 40 birtinga.

## Reykjadalsá 20. júní

*Arnar Óskarsson skrifar*

Reykjadalsáin opnaði í morgun og voru á fyrsta hálftímanum komnir tveir laxar á land og annar þeirra 5,8 kg. og hinn 5.6 kg. Fiskarnir fengust í Klettfljóti og var töluvert af fiski að sýna sig.

Sannarlega frábær byrjun. Við fáum nánari fréttir seinna í dag.

Uppfært: Björgvin Magnússon setti heldur betur í hann í opnun, endaði með 10 laxa og missti 4 á tveimur vöktum.

Allir laxarnir fengust í Klettsfljótinu og var töluvert af laxi stökkvandi víða.

Top of Form

## Reykjadalsá 24. júní

*Óskar Færseth skrifar*

Sigurjón bakari og fjölskylda eru stödd í perlunni okkar og eftir 3 vaktir voru komnir 4 laxar hjá þeim og vonandi verða fleiri eftir morguninn. Sagði hann mér í gærkveldi vera flott vatn og mikið líf í Klettsfljótinu.

## Reykjadalsá 4. júlí

*Óskar Færseth skrifar*

Grétar Sigurbjörnsson og fjöldskylda áttu heldur betur skemmtilegan dag í Reykjadalsá 3.- 4. júlí í flottu veiðiveðri.



*Búið að setja í hann á Görðunum í Geirlandsá*

Afraksturinn voru þrír glæsilegir nýgengnir laxar og svo skemmtilega vildi til að konan hans fékk maríulax upp í Tunnubakka nr 23 og svo fékk Grétar einn í Hellufljóti nr 25. Síðast en ekki síst fékk barnabarnið maríulax í Klettsfljóti. Glæsileg veiði hjá þeim.

## Reykjadalsá 4. júlí

*Jens Kristinsson skrifar*

Flottur dagur hjá okkur í Reykjunni, fjórum landað og tveir dönsuðu af.

## Reykjadalsá 7. júlí

*Arnar Óskarsson skrifar*

Hjörleifur Stefánsson sendi okkur fréttir í gær af fyrsta veiðidegi þeirra úr Reykjadalsá og eru þær í takt við fréttir undanfarinna daga. Laxinn virðist vera dreifður víða um ána. Fengust 4 laxar á fyrsta degi og var þremur þeirra landað í Klofinu og einum í Tunnubakka. Sigrún Ýr Hjörleifsdóttir fékk tvo laxa og var annar þeirra maríulax hennar. Vel gert Sigrún!

## Reykjadalsá 9. júlí

*Arnar Óskarsson skrifar*

Hollið sem lauk veiðum í Reykjadalsá í gær endaði með 7 laxa. Það var líflegt allan tímann og fengust 4 í Klofinu, 2 úr Klettsfljótinu og 1 úr Tunnubakkanum. Það var fiskur auðsjáanlega í göngu og fékkst lúsugur lax í Klofinu. Þá var einnig eitthvað af laxi að renna sér upp í Klettsfljótið.

## Reykjadalsá 10. júlí

*Óskar Færseth skrifar*

Fjör í Reykjadalsà, bullandi veiði í Mjóanesál nr 5, settum í fjóra í röð, allt ný gengið, komnir 11 laxar à einni og hálfri vakt. Fengum 7 í gær í efri part árinnar.

## Reykjadalsá 10. júlí

*Óskar Færseth skrifar*

50 laxar komnir í bók.

Frábær veiði er í Reykju þessa dagana og hafa menn verið að fà góða veiði nú í júlí og einnig var júní flottur.

Var að koma eftir einn dag með Davíð Eyrbekk og settum við í 15 laxa, allt ný gengið og nokkrir með lús Laxinn er vel haldinn og fengum við laxa í Torfbug nr 24, Klofinu nr 17,5, Reykholtsfljót nr 16, Grímstaðafljóti nr 14, Mjóanesál nr 5 og Klettsfljóti nr 3.

### *Reykjadalsá 13. júlí*

***Óskar Færseth skrifar***

Jón Gunnarsson og Jón Norðfjörð áttu flottan dag 12.-13. júlí og settu þeir í 6 laxa á einum degi. Fengust fimm þeirra í Reykholtsfljóti nr 16. Voru þeir frá 2,5 - 4 kg. Menn hafa verið að setja í laxa alla daga og eru komnir í bók 64 laxar og stefnir ì mikla veiði þetta sumarið, bara glæsilegt.

### *Jónskvísl 15. júlí*

***Arnar Óskarsson skrifar***

Þorgrímur Karls var við veiðar ásamt frúnni 12-14 júlí. Fannst þeim virkilega gaman þarna og náðu þau að landa 4 fiskum og misstu annað eins þar af eina boltableikju sem hann áætlaði um 4 kg.

Þau fengu þrjá fína staðbundna urriða og einn nýgenginn samanrekinn 4,5 kg sjóbirting.

Þetta gerðist allt fyrir neðan foss.

### *Reykjadalsá 15. júlí*

***Óskar Færseth skrifar***

Fékk skeyti frá Sturlu Gunnari Eðvarðssyni en hann og fjölskylda voru við veiðar 13.-15. júlí. Settu þau í 8 laxa á fluguna og náðu að landa fjórum fallegum löxum. Einnig fékkst einn maríulax. Sagði hann töluvert mikið af laxi í ánni en mikið vatn gerði þeim erfitt fyrir.

### *Reykjadalsá 17. júlí*

***Arnar Óskarsson skrifar***

Holl sem var að ljúka veiðum í hádeginu, eftir tveggja daga veiði, lenti vægast sagt í mokveiði “áin stútfull af fiski, veiddist lax í Klettsfossi og á flestum stöðum alveg upp í Giljafoss efsta stað”

Hollið fékk 31 lax, 2 urriða og 2 sjóbirtinga. Núna á hádegi 17. júlí eru komnir 99 laxar úr ánni.

Þeir þökkuðu fyrir sig og sögðu að það yrði örugglega áframhaldandi fjör í framhaldinu. “Það eru miklar laxagöngur og veiddum við meðal annars grálúsugan lax (lúsin meira að segja með hala ennþá) upp í Eyjafljóti”

### *Geirlandssá 18. júlí*

***Arnar Óskarsson skrifar***

Vorum að fá síðbúnar fréttir í hús af fyrstu veiddu löxunum úr Geirlandsá.

Voru það hjónin Björn Víkingur Skúlason og Elín Gunnarsdóttir sem fengu þá en þau voru við veiðar dagana 12.-15. júlí.

Það var gott vatn í ánni allan tímann og fengu þau þrjá laxana í Ármótunum og einn upp í Mörtungunefi, fjögur og sex pund-



*Eyjahylur í Geirlandsá*

### *Geirlandssá 20. júlí*

***Birta Rós Arnórsdóttir skrifar***

Lax dreginn að landi í hitabylgju. 19 gráðu hiti og Búrhylur gaf fallegan 5 punda hæng. Dagný Hildis er veiðimaðurinn.

Tveir úr Skóghyl og einn úr Ármótum. Engin vindhögg slegin á morgunvaktinni. Veiðimaður er Arnór Ragnarsson

### *Hrolleifsdalsá 21. júlí*

***Ögmundur Erlendsson skrifar***

Var við veiðar 18.-20. júlí ásamt fjölskyldu minni og gerðum við góða veiði. Nýgengna og væna bleikju var víða að finna í neðri hluta árinnar. Alltaf gott að koma í Hrolleifsdalsá

### *Reykjadalsá 23. júlí*

***Arnar Óskarsson skrifar***

Við heyrðum í Brynjari Hólm sem var við veiðar ásamt fjölskyldu sinni dagana 20.-22. júlí.

Afraksturinn var fimm laxar. Þar af var einn maríulax Örnu Hlínar sem hún fékk á flugu í Klettsfljóti.

### *Reykjadalsá 26. júlí*

***Arnar Óskarsson skrifar***

Sigmar Rafnsson og félagar eru svo að ljúka tveggja daga veiðitúr í dag og voru í gærkveldi komnir með 12 laxa og voru 10 þeirra teknir á flugu. Laxarnir fengust í Klettsfljóti, Mjóanesál, Breiðafljóti, Reykholtsfljóti og Tunnubakkanum. Sögðu þeir fisk vera að ganga og bjart útlit fyrir næstu daga.

Það eru skráðir í veiðibókina 128 laxar sem verður að teljast skrambi gott og aðalveiðitíminn er framundan en fyrir þá sem ekki þekkja þá er áin síðsumarsá.

### *Geirlandssá 4. ágúst*

***Arnar Óskarsson skrifar***

Góður gangur i Geirlandi.

Hjörleifur Stefánsson sendi okkur eftirfarandi pistil;

“Fengum einn lax í Ármótunum í morgun.

Seinnipartinn fór svo að rigna hressilega og var ég staddur í Ármótum um kl 20.

Upplifði ég þar meiriháttar móment þegar ég sá göngu af laxi hellast inn í Ármótin. Það var fiskur allsstaðar og stökk hann um allt í kringum mig. Ég náði að landa þremur á klukkutíma.

Ef það styttir upp í nótt þá getur orðið enn meira fjör á morgun. Hollið er komið með 5 laxa en engan sjóbirting ennþá.”

### *Reykjadalsá 5. ágúst*

***Óskar Færseth skrifar***

Júní og júlí veiði gaf 151 lax og 9 urriða, algjört met í þessum mánuðum eða allt frá því að við fengum ánna á leigu fyrir mörgum mörgum árum. Minnir að best áður hafi verið um 80 laxar. Eins og við vitum hefur hún ávallt gefið best í ágást og september.

### *Jónskvísl 12. ágúst*

***Arnar Óskarsson skrifar***

Sjóbirtingsveiðin hefur farið ágætlega af stað í Jónskvísl og hefur Skaftárhlaupið engin áhrif á vatnið í henni.

Hefur verið töluvert af fiski í ánni það sem af er og um helgina voru skráðir í bókina 49 fiskar þar af 35 birtingar. Flestir eru um 3 kg en líka nokkrir stórir birtingar þ.á.m. 4,5 kg, tveir 5 kg og einn 5,8 kg

Björgvin Magnússon var svo við veiðar ásamt föður sínum Magnúsi Björgvinssyni dagana 9-11 ágúst og lönduðu þeir 7 birtingum.

Þar af var einn svakalegur 79 cm birtingur áætlaður tæp 6 kg sá lét ginnast af Black Ghost.

Hinir fiskarnir voru frá 4-7 pund.

Misstu þeir félagar 3 fiska.

Fer sannarlega vel af stað og allra besti tíminn að renna í hönd í ánni en birtingurinn gengur mun fyrr inn á þetta svæði heldur en t.d. í Geirlandsá eða Fossála.

Hérna eru fyrstu birtingar jafnan gengnir í ánna ca aðra viku í júlí en einnig er töluvert af staðbundnum urriða. Hér er líka stórvaxinn bleikja sem sleppiskylda er á.

### Hrolleifsdalsá 14. ágúst

***Þóra Sigrún skrifar***

Vorum í Hrollunni 9.-11.ágúst. fengum 6 fiska á land, 5 sjóbleikjur og einn urriða (sem fékk að sleppa, sökum smæðar). Misstum líka 3 bleikjur, tvær á þurrflugu (undirrituð vægast sagt orðin reið). Allir fiskarnir nema ein bleikja voru veidd uppá dal. Veðrið var dásamlegt, en þó ekki gott veiðiveður, glampandi sól.

### Geirlandssá 17. ágúst

***Ragnar Vilhjálmsson skrifar***

Sjóbirtingurinn er mættur í Ármótin í Geirlandsá

### Reykjadalsá 18. ágúst

***Óskar Færseth skrifar***

Þeir eru til í Reykju þessir stóru. Magnús Björnsson og fjölskylda eru stödd



*Sindri Þrastarson gerði góða ferð upp að Hagafossi í Geirlandsá*




NESRAF EHF
RAFVERKTAKAR

TSA ehf.
Brekkustíg 38 • 260 Reykjanesbær
**Nýsmíði • Viðhald**
**Innréttingar • Blikksmíði**
Ari Einarsson sími 894 0354
Stefán G. Einarsson sími 896 2788
**Netfang: tsa@tsa.is • Veffang www.tsa.is**



við veiðar í perlunni okkar og setti Maddi í einn 92 cm langan á flugu og misti annan stóran rétt áður. Þau eru búin að fá 2 laxa og 7 fína birtinga, bara gaman í blíðunni.

### *Geirlandssá 2. sept*

***Arnar Óskarsson skrifar***

Birtingurinn farinn að veiðast.

Þannig sagði Vilhjálmur Ragnarsson frá því að hollið þeirra hafi náð að landa 6 birtingum og einum laxi dagana 17.-19. ágúst.

„Það var ekki beint kraftveiði á mannskapnum og vorum við að njóta þess að vera til, fjölskyldan.

Yngsta veiðimanninum hinum 8 ára Ragnari Ólafssyni gekk mjög vel og náði hann að landa tveimur sjóbirtingum 2,5 kg og 3,5 kg á spón og þurfti hann aðstoð við að koma stærri fisknum á land. Hann var mjög ánægður með aflabrögð. Við fengum alla fiskana í Ármótunum, þvældumst lítið um ána og fórum ekkert upp í gljúfur að þessu sinni“

Fiskarnir voru nánast allir steyptir í sama mót, fallegir nýgengnir um 2,5 kg nema þessi eini sem var 3,5 kg

### *Jónskvísl 20. ágúst*

***Arnar Óskarsson skrifar***

Jón Kristinn var við veiðar ásamt föður sínum Jóni Marteinssyni. Nóg var af birtingi í fossinum og Eyvindarhyl. Þeir félagar fengu fjóra mjög væna og skiluðu aftur í ána. Mátti sjá fiska velta sér víða og sáu þeir töluvert magn af fiski á helstu veiðistöðum.

### *Geirlandssá 2. sept*

***Gróa Sigurbjörnsdóttir skrifar***

Alex fékk flottan 9 punda lax úr Kleifarnefinu í dag. 3 birtingar og 2 laxar komnir í dag

Uppfært: Enduðum með 9 fiska, 5 birtinga og 4 laxa. Allir á Toby og Lippu. Fengum frábært veður, alltaf jafn notalegt að vera þarna.

### *Geirlandssá 7. sept*

***Grétar Ingólfur Guðlaugsson skrifar***

Við fengum 11 birtinga og 1 lax í Geirlandsá dagana 4.-6. sept.

### *Fossálar 7. sept*

***Ásgeir Ólafsson skrifar***

Ég er hérna með tveimur góðum félögum. Fengum 4 flotta birtinga á flugu í gærkvöldi (2,8-3,7 kg). Í dag vorum við að berjast við mikinn vind sem gerði okkur erfitt fyrir. Fengum 8 tökur í dag en náðum ekki að festa almennilega í neinum þannig að enginn fiskur kom á land í dag



*Björn Víkingur Skúlason hampar júlí löxum við veiðihúsið á Mosum í Geirlandsá*

### *Grenlækur sv 4, 25. sept*

***Óskar Færseth skrifar***

Skemmtilegum túr lokið í Grenlæk, ekki var mikið vart við fisk og komu aðeins 2 birtingar á land. Veður var allt of gott fyrstu dagana eða logn og sól. Útiveran bara flott en engin veiði sem verður vonandi betri í okt. Veiðitúrar eru líka skemmtilegir þó sá silfraði komi ekki á land.

### *Fréttir héðan og þaðan 25. sept*

***Óskar Færseth skrifar***

Reykjan hefur verið frekar róleg en eitt og eitt holl veitt sæmilega t.d. Einar Haraldsson og félagar sem fengu 12 laxa 20.-22. sept.

Fossálar frekar rólegir og Geirlandsá sæmileg en Björn Víkingur og félagar enduðu með 7 birtinga dagana 22.-24. sept. Formaðurinn Gunnar Óskarsson er við veiðar núna og komu 4 birtingar á fyrstu vakt í gær. Bara sæmilegt en mætti vera betri veiði en hún kemur. Við veiðimenn erum alltaf bjartsýnir.

### *Geirlandssá 26. sept*

***Óskar Færseth skrifar***

Formaðurinn okkar Gunnar Óskarsson var að ljúka veiðum í Geirlandsá í dag og enduðu þeir félagar í 17 birtingum sem voru allt upp í 12 pund. Fengust flestir í Ármótunum og svo upp í Eyjahyl og Höfðabólshyl. Bara flott hjá þeim félögum.

### *Reykjadalsá 27. sept*

***Óskar Færseth skrifar***

Reykjan að gefa vel, Björgvin Magnússon og stelpurnar hans settu í 8 laxa á fyrstu vakt í gær. Maríulax hjá dótturinni, bara flott hjá henni. Komnir 235 laxar í bók eftir þennan flotta dag hjá þeim.

### *Reykjadalsá 28. sept*

***Óskar Færseth skrifar***

90 cm hængur á land hjá Benný Benedikts ca. 15 til 16 pund, bara glæsilegt hjá henni. Það eru komnir 19 laxar á land hjá þeim og ein vakt eftir.

### *Jónskvísl 7. okt*

***Óskar Færseth skrifar***

Björgvin og Benný eru við veiðar og settu í 4 birtinga á fyrstu vakt í gær. Hellirigning og hvasst hjá þeim en gott veður í morgun og frekar kalt.

### *Grenlækur sv 4. 12. okt*

***Óskar Færseth skrifar***

Síðasta veiðitúrnum lokið þetta árið. Enduðum með 27 birtinga á Grenlæk sv 4

### *Jónskvísl 20. okt*

***Óskar Færseth skrifar***

Björgvin Magnússon og frú lokuðu kvíslinni og ekki annað hægt að segja en að vel hafi gengið hjá þeim. Lönduðu 14 birtingum og misstu 6, allir teknir á flugu og flestum sleppt. Frábær lokun hjá þeim hjónakornum.

# Frá skrifstofu...

### *Upplýsingar*

Stangveiðifélag Keflavíkur
Hafnargötu 15 eh.
230 Keflavík
Sími: 421 2888
Heimasíða og vefverslun: www.svfk.is
Netfang: svfk@svfk.is

### *Athugið breyttan opnunartíma skrifstofu*

Skrifstofa SVFK er opin frá kl. 18:30-20:30 á mánudags og fimmtudagskvöldum eftir að forúthlutun lýkur og verður til 12. apríl

Við vekjum sérstaka athygli á breyttum opnunartíma frá 12. apríl til 20. okt þar sem skrifstofan verður þá opin einu sinni í viku og verður það á miðvikudagskvöldum frá kl 18:30-20:30

### *Innheimta félagsgjalda*

Allir félagar fá í janúar, ár hvert, bæði í heimabanka og heimsenda greiðsluseðla vegna félagsgjalda og viljum við minna félagsmenn á að greiða þá sem fyrst.

Aðeins skuldlausir félagar koma til greina við úthlutun leyfa.

Hafi einhverjir ekki fengið senda rukkun þá biðjum við viðkomandi að hafa samband við skrifstofu sem allra fyrst. Þeir sem skulda tvö árgjöld eða fleiri eiga á hættu að verða felldir út af félagaskrá samkvæmt lögum félagsins en þurfa samt sem áður að standa skil á útistandandi ógreiddum félagsgjöldum. Jafnframt skal það ítrekað að þeir sem ætla að segja sig úr félaginu þurfa að gera það skriflega, og afhenda það eða senda skrifstofu félagsins.

### *Úthlutun og sala veiðileyfa SVFK fyrir árið 2019*

Umsóknir berist félaginu á þar til gerðu umsóknarformi sem er að finna á heimasíðu félagsins fyrir kl 16 mánudaginn 25. mars.

Eiga allir að fá senda staðfestingu á móttöku í tölvupósti frá félaginu, fyrr er umsóknin ekki gild.

Einnig má setja umsóknir í póstkassa félagsins að Hafnargötu 15.

### *Afgreiðsla veiðileyfa verður sem hér segir:*

Félagsmenn menn skulu vitja veiðileyfa sinna á úthlutunardeginum sem er miðvikudagurinn 27. mars. frá kl. 18:30 -20:30 með því að mæta á skrifstofuna senda tövupóst eða hringja.

Þeir sem ekki vitja veiðileyfa sinna þann 27. mars geta átt von á því að missa veiðileyfin sín fyrirvaralaust.






### *Gjalddagi veiðileyfa og greiðslutilhögun:*

Veiðileyfi í vorveiði þarf að greiða að fullu á úthlutunardögum.

Sumar og haustleyfi verði staðfest með 30% greiðslu á úthlutunardögum.

Félagsmönnum ber að ganga frá fullnaðaruppgjöri 27. apríl 2019.

Eftir 27. apríl fara þau leyfi sem verða ófrágengin í almenna sölu.

Athugið að 30% staðfestingargjald er óendurkræft að þeim tíma liðnum.

Hægt er að greiða í heimabanka eða koma á skrifstofutíma.

Bankanúmer SVFK 0542-26-2953, kennitala er 620269-0509.

Vinsamlega sendið greiðslukvittun í tövupósti á www.svfk@svfk.is

### *Heimasíða félagsins www.svfk.is*

www.svfk.is
Hægt er að sækja um veiðileyfi og nálgast allar helstu upplýsingar um öll okkar ársvæði. Á vefnum má einnig finna það sem hæst ber hverju sinni en betur má ef duga skal og eru allar ábendingar um efni frá félagsmönnum vel þegnar á netfangið svfk@svfk.is.

### *Vefverslun www.svfk.is*

Vefverslunin er inni á heimasíðu félagsins www.svfk.is

Leitið endilega að SVFK á fésbókinni þar sem menn skiptast á fréttum og upplýsingum.

Eftir forúthlutun verður vefverslunin sett í loftið þar sem öllum er gefin kostur á að kaupa veiðileyfi með greiðslukortum og geta prentað út leyfi ofl uppl.

### *Úthlutunarreglur*

1. Allir þeir sem eru félagsmenn S.V.F.K. hafa rétt til að sækja um veiðidaga í forúthlutun.
2. Aðeins skuldlausir félagar koma til greina við úthlutun veiðidaga.
3. Umsókn þar sem sótt er um allar stangir af félagsmönnum hefur forgang, t.d. sé sótt um tvær stangir þá þarf tvo félagsmenn og þrjár stangir þurfa þrjá osfrv.
4. Vægi umsókna margfaldast ekki þó umsóknir séu fleiri en ein á sömu veiðidaga af við komandi hóp félagsmanna. Þá geta félagsmenn ekki sótt um marga samliggjandi veiðidaga á sama veiðisvæði. Sama á við um ár eins og td Jónskvísl og Grenlæk sv4 þar sem veiðidagar eru ekki endilega samliggjandi og hollin því ekki mörg. Áskilur stjórnin sér rétt til að taka einungis fyrstu dagsetningu

gilda. Þetta á eingöngu við sé um mikla ásókn að ræða á viðkomandi veiðisvæði og réttur til þess að draga spil um viðkomandi daga getur þá dottið sjálfkrafa út.

5. Þeir sem sækja um leyfi í forúthlutun á vefnum eiga að berast staðfestingar í tölvupósti frá skrifstofu innan tveggja sólarhringa, fyrr er umsóknin ekki gild.
6. Ef umsóknir eru jafn sterkar skal reynt að hafa samband við alla, þeim gerð grein fyrir stöðunni og athugað hvort einhverjir geti fært sig. Geti viðkomandi ekki fært sig skal varpa hlutkesti um hver umsóknanna hljóti úthlutun. Þeir sem tapa hlutkestinu eiga aðeins möguleika á því að velja úr þeim leyfum sem eftir eru, eftir að úthlutun lýkur.
7. Sé umsóknin ekki fullgild eða vægi hennar ekki nógu sterkt er hún sett til hliðar og unnið úr henni eftir að úthlutun lýkur á viðkomandi veiðisvæði. Hinsvegar getur viðkomandi umsókn fengið úthlutað veiðileyfi svo lengi sem aðrar sterkari umsóknir séu ekki á viðkomandi dögum.
8. Sé félagsmaður óánægður með úthlutun sína getur hann undir umsjón forsvarsmanns úthlutunar á viðkomandi ár svæði, fengið að skoða hvernig var farið með umsókn hans.

   Stjórn S.V.F.K. ber ábyrgð á úthlutun veiðileyfa og úrskurðar um vafaatriði

### *Veiðikortið 2019*

Félagsmönnum í Stangaveiðifélagi Keflavíkur býðst kortið á kr. 6,300,- en almennt verð er kr. 7,900,-

Til þess að nýta sér tilboðið þarf að fara á heimasíðu SVFK og smella á auglýsinguna fyrir veiðikortið.

### *Búferlaflutningar*

Félagsmenn sem flytja búferlum eru vinsamlegast beðnir um að tilkynna það skrifstofu.

### *Félags- og inntökugjöld í SVFK*

**Inntökugjald:**
kr. 10.500 fyrir 16 ára og eldri,
kr. 5.250 fyrir yngri en 16 ára , maka félagsmanna
Í inntökugjaldi er innifalið inntöku- og félagsgjald fyrsta árið.
**Félagsgjald:**
kr. 8.000 fyrir 16 ára til 67 ára,
kr. 3.250 fyrir yngri en 16 ára, maka félagsmanna og 67 ára og eldri

### *Af hverju að gerast félagi í SVFK ?*

1. Forgangur í allar ár sem félagið hefur upp á að bjóða.
2. 15% afsláttur af öllum veiðileyfum
3. Veiðikortið með afslætti.
4. Færð sent veglegt félagsblað einu sinni á ári.










# *Litið yfir síðustu 10 ár*
## *Stangveiðifélags Keflavíkur*



*Gömlu Heiðarvatnshúsin orðin glæsileg á nýjum stað við Vesturhópsvatn*

**Að sjálfsögðu kemur ekki annað til greina en að renna yfir sögu félagsins á þeim merkisviðburði sem 60 ára afmæli félagsins er.**

Hér er komin í grófum dráttum saga félagsins á síðustu 10 árum. Af miklu er að taka, en hér verður tipplað á því helsta sem á daga félagsins hefur drifið frá síðustu samantekt. Kom sú samantekt, sem tók yfir fyrstu 50 árin, í félagsblaði sem gefið var út 2009. Á þessari samantekt er hægt að sjá að á ýmsu gengur í rekstri svona félags, skiptast á skin og skúrir. Aðalatriðið er þó að félagið lifir góðu lífi og er í miklum blóma.

### *2009*

Nokkrir samningar voru lausir í lok árs 2008 og þurfti setjast að samningaborði og semja fyrir 2009. Þetta urðu miklar og erfiðar samingaumleitanir sem enduðu með að Geirlandsá var áfram í okkar höndum. Gekk það ekki átakalaust fyrir sig en allt fór vel að lokum.

Það er hægt að segja það hafi verið með blendnum hug sem stjórnarmenn settu af stað veiðileyfasöluna, eftir hið mikla hrun í þjóðfélaginu 2008. Var undirbúningur fyrir söluna mikill í formi viðræðna við veiðiréttareigendur, um hugsanlega lækkun leigu eða afnáms verðtrygginga. Veiðiréttareigendur tóku okkur vel og var útlitið orðið mun bjartara þegar söluskráin fyrir 2009 fór í dreifingu en verið hafði fyrr um veturinn. Hægt var að halda verði veiðileyfa í lágmarki þar sem því var við komið en óhjákvæmilegt reyndist að hækka veiðileyfin í Geirlandsána þar sem nýgerður margumtalaður samningur lá fyrir með mikilli hækkun.

Í Reykjadalsá var ákveðið að nú skyldi félagið taka til sín alla veiðidaga í sölu en félagið hafði áður leigt frá sér helming allra veiðidaga. Var þetta ákveðið eftir mikla eftirspurn í ána fyrir 2008. Veiðiréttareigendur ákváðu í samráði við árnefndarmenn að fara í viðhald og tímabæra endurnýjun á ýmsum hlutum við veiðihúsið við Reykjadalsá fyrir yfirstandandi veiðitímabil og tókst það vel.

Samningar tókust einnig um Fossála, þar sem þeir voru líkt og á fyrrgreindum svæðum lausir.

Þá fóru veiðiréttareigendur við Hrolleifsdalsá í endurbætur og viðhald á veiðihúsinu þar. Var tekið inn heitt vatn, sturta sett upp, ný gólfefni og fleira.

### *2010*

Líkt og árið áður þá var farið af stað í viðræður um vorið við þá veiðiréttareigendur sem við vorum með vertryggða samninga við, með það í huga að fá fellda niður verðtryggingu á samningum, svo ekki þyrfti að koma til hækkun á veiðileyfum á milli ára, sem okkur fannst vera alveg ótækt í því umhverfi sem hafði skapast eftir hrunið 2008. Gengu þessar viðræður mjög vel fyrir sig. Var það þannig á endanum að verðskráin okkar fór til félagsmanna með óbreyttum verðum frá fyrra ári sem endurspeglaðist í sölu veiðileyfa sem var mjög góð.

Miklar vonir voru bundnar við breytingar á rennsli Grenlækjar, en þetta vor var farið í þá þýðingarmiklu framkvæmd að loka fyrir Efri Skurð sem hafði verið grafinn fyrir allmörgum árum. Hafði það alla tíð verið skoðun þeirra sem til þekkja að sú framkvæmd að grafa þennan skurð hafi skemmt fyrir Flóðinu og flýtt fyrir uppgöngu fiskjar á efri svæði lækjarins. Flóðið hafði smám saman á undanförnum árum verið að fyllast hægt og sígandi af sandframburði. Strax eftir að skurðinum hafði verið lokað, fóru menn að verða varir við að fiskur var farinn að veiðast aftur á þeim svæðum sem höfðu verið hvað gjöfulust hér áður fyrr.

Félagið hóf samstarf við Stangaveiði-



*Veiðihúsin hér ný við Heiðarvatn 1986*



*Stjórn félagsins á afmælisári, frá vinstri: Gunnar J Óskarsson, Davíð Eyrbekk, Magnús S Björnsson, Björgvin Magnússon, Vilhjálmur Ragnarsson, Óskar Færseth, Arnbjörn Arnbjörnsson og Arnar Óskarsson*

félag Hafnarfjarðar, tókum við höndum saman með þeim og jukum samvinnuna í formi veiðileyfaskipta og var það vel.

Um vorið fór ný heimasíða í loftið og leysti þá gömlu af hólmi sem komin var til ára sinna. Höfðu menn á orði að vel hefði tekist til og vakti heimasíðan almennt mikla athygli.

### 2011

Eldgos í Grímsvötnum setti mikið strik í reikninginn hjá félaginu á vormánuðum og voru hreinsunarferðir farnar og hjálpuðust margar hendur þar að. Þá voru menn uggandi vegna áhrifa af eldgosinu á veiðina um sumarið og haustið en til allrar lukku var ekki að sjá að það hefði nein áhrif.

Gengið var frá samningum um Fossála til 5 ára, Hrolleifsdalsár til 5 ára og Reykjadalsár til 6 ára.

Ráðist var í endurbætur á veiðihúsinu við Grenlæk en þar var aldeilis tekið til hendinni og allur gamli hlutinn tekinn í nefið vægast sagt. Skipt var um járn á þaki og veggjum, allt einangrað að nýju, ný vöðlugeymsla gerð, fjórða herbergið klárað og margt fleira.

Þá var komið að stærsta samningum og jafnframt stærstu framkvæmdinni, var það Vestur Hópið. Undirritaður var samningur um veru okkar við þessa náttúruparadís til 30 ára með opnum möguleika um framhald að þeim loknum. Félagið varð fyrir miklu áfalli þegar Heiðarvatnið rann því úr greipum en sú mikla fjölskylduparadís var vinsælasti dvalarstaður félagsmanna til margra ára. Nú var blásið til sóknar og allir stjórnarmenn á einu máli að nú var fjölskyldusvæði félagsins til komandi ára fundið. Heiðarvatnshúsin voru flutt norður og öll ummerki um félagið máð út við Heiðarvatn. Miklar framkvæmdir hófust við staðsetningu húsanna og breytingar á umhverfi þeirra. Í framhaldi var ráðist í endurbætur á húsunum og voru þau hreinlega endurnýjuð frá sökkli upp í mæni. Mikil vinna lá að baki svona framkvæmdum og voru þær kostanaðarsamar, og var tekið lán til að gera húsin sem best úr garði.



*Rennt í Klettsfoss í Reykjadalsá*

### 2012

Þetta ár var ár framkvæmda. Sjaldan hefur jafn mikið verið unnið á svæðum félagsins bæði við umhverfi og húsakosti.

Framkvæmdum við veiðihúsið við Grenlæk var lokið og tókst mjög vel til. Búið var að einangra og klæða eldri bygginguna upp á nýtt, þakið endurnýjað, setustofan stækkuð og svo mætti lengi telja.

Loksins kom að því að félagsmenn gátu sótt um á fjölskyldusvæði, eftir að Heiðarvatnið rann okkur úr greipum sem fjölskyldusvæði félagsins. Stórglæsilegu húsi með tveimur íbúðum var fundin bólfesta við Vesturhópsvatn, með öllum aðbúnaði og aðstöðu eins og best var á kosið. Fékk Heiðarvatnshúsið endurnýjun lífdaga og var allt tekið í gegn og endurnýjað. Mikið var í lagt. Leigusamningur um lóð var gerður til 30 ára þannig að þarna var komið það öryggi og svæði fyrir fjölskyldur sem leitað hafði verið að.

Starfsemi félagsins var með hefðbundu sniði á þessu ári, þó ber að nefna að framkvæmdir við Vesturhópið voru mjög fyrirferðarmiklar, voru ófáar ferðir farnar norður og snúningar er tengdust því verk-



*Framkvæmdir við veiðihúsið í Grenlæk/Jónskvísl á lokastigum 2012*

efni voru ófáir eins og gefur aðskilja í svo stóru verkefni.

## 2013

Mikið framkvæmdaár 2012 kallaði á að aðeins væri hægt á og venjuleg störf innan félagsins tóku við þetta árið. Þó má geta þess að um áramótin 2012-13 var gengið frá 3 ára samningi um Geirlandsá eftir mikið þref fram og til baka. Var það breyting frá árunum á undan þar sem einungis hafði verið samið um 1 ár í senn, hafði það verið mjög bagalegt að ekki væri hægt að tryggja okkar viðveru við ána í lengri tíma í senn. Að sjálfsögðu var unnið að viðhaldi við öll okkar hús þetta árið eftir því sem þurfa þótti, þannig að ekki sátu menn algjörlega verkefnalausir.

## 2014

Ákveðið var að ráðast í að koma á fót vefverslun á heimasíðu félagsins. Var allt orðið klárt varðandi vefverslunina fyrir veiðileyfasölu þessa árs. Þetta var mikil bylting og var strax mikið sótt um á netinu þetta árið. Horfðu menn með tilhlökkun til komandi ára þar sem þessi vefverslun gerði alla sölu veiðileyfa og vinnslu þeirra auðveldari fyrir félagið.

Eftir mikil framkvæmda ár var komið smá logn þannig að menn gátu náð áttum og komist með báða fætur á jörðina, eftir mikið flug á árunum á undan í framkvæmdum.

Þá létti það aðeins verk stjórnar, að ekki hafi þurft að standa í þrefi um samningamál veturinn á undan, jafnvel svo mánuðum skipt líkt og oft hafði verið. Það léttir vinnuna ansi mikið að þurfa ekki að baslast í erfiðum samningamálum, en það er jú eitt af þvi sem eru stærstu verkefni hverrar stjórnar.

Miklum fjármunum hafði verið kostað til framkvæmda árin á undan og var kominn tími til að reyna að þyngja pyngjuna aftur.

## 2015

Ákveðið var að setja veiðihúsið við Vesturhóp á sölu og var það með blendnum tilfinningum sem félagið neyddist til þess. Húsið var orðið baggi á félaginu þar sem eftirspurn var langt frá því sem stjórnarmenn höfðu búist við. Af einhverjum ástæðum sem ekki var hægt að koma auga á, hafði aðsókn að paradísinni við Vesturhópið algjörlega brugðist.

Mikill vatnsskortur varð í Grenlæknum, kom í ljós þegar betur var að gáð að ástæðurnar voru að sjálfsögðu okkar mannana verk. Hafði þetta gríðarleg áhrif á efri svæði lækjarins, búsvæði sjóbirtingsins. Höfðu menn áhyggjur af að ef ekki rættist úr strax, mætti búast við að birtingurinn sem kæmi til hrygninga um haustið ætti eftir að safnast saman á neðri svæðunum eins og td. Í Flóðinu.

Að venju var starfsemi félagsins mikil á árinu, og voru bæði stjórnamenn og árnefndarmenn uppteknir við að hlúa að sínum svæðum líkt og endranær.

## 2016

Nokkuð skörp samningalota hafði staðið yfir um veturinn og gengu þau mál nokkuð vel fyrir sig svona miðað við allt og allt.

Mikil breyting hafði orðið á afkomu félagsins á síðustu tveimur árunum á undan. Þótt Vesturhópið hafi verið félaginu þungt í skauti síðustu árin, þá vorum við samt að sjá mjög jákvæða hluti sem urðu til að létta reksturinn mjög mikið. Veiðileyfasalan var sífellt að aukast og var það orðið svo að á nokkrum svæðum höfðu leyfin hreinlega verið uppseld. Leiddi þetta til þess afkoman hafði aldrei verið betri, allavega ekki í tíð þeirrar stjórnar sem þá sat og þeirra sem lengst höfðu verið í þáverandi stjórn.



*Gamla húsið við Grenlæk, 2002 fyrir breytingar*



*Hreinsunarhópurinn sem hélt austur til þrifa á veiðihúsum félagsins eftir eldgos í Grímsvötnum árið 2011*



*Fullt hús á veiðistaðakynningu í sal félagsins*

Þarna voru stjórnarmenn farnir að finna alvarlega fyrir aukinni ágengni einkaveiðileyfasalanna. Var það orðið ljóst, að sífellt yrði þrengt meira og meira að stangveiðifélögunum. Kom það greinilega í ljós í viðræðum við veiðiréttareigendur að haft hafi verið samband við þá víða að, til að athuga með veiðisvæði. Voru stjórnarmenn einhuga um að láta þetta ekki á sig fá, heldur halda ótrauðir áfram með hag félagsins að leiðarljósi.

### 2017

Snemma árs 2017 var gengið frá endurnýjuðum samningi um Fossála. Hækkun varð þar á leigu, sem á endanum leiddi til hærra endursöluverðs á leyfunum hjá félaginu. Mikil eftirsókn hafði verið á leyfum í þetta fallega vatnasvæði á undanförnum árum. Varð samkomulag um fimm ára samning niðurstaðan.

Engin lausn fékkst við Geirlandsá um áframhaldandi samning en þar var samningur laus. Var okkur einfaldlega ekki boðið til fundar um þau málefni, þó svo við hefðum sótt fast að ná fundi með veiðiréttareigendum. Ekki verður því neitað að nokkur vonbrigði ríkti meðal okkar manna. Var það okkar mat að vera okkar við Geirlandsá í 47 ár, hefði að minnsta kosti átt að gefa okkur þann möguleika að setjast niður með veiðiréttareigendum til að ræða málin og koma með tilboð í ána. Niðurstaðan varð sú að Geirlandsá fór í útboð.

### 2018

Samningur um Reykjadalsá var laus fyrir þetta ár. Miklar samninga viðræður höfðu átt sér stað um endurnýjun á samningi, frá miðju ári 2017 og var loksins lokið í byrjun árs 2018. Var gengið frá 5 ára samningi um þessa perlu.

Í framhaldi af útboði Geirlandsár, þá er skemmst frá því að segja að félagið hreppti ána næstu fimm árin. Á endanum var sett fram tilboð sem stjórnin treysti sér að standa á bak við. Eftirvinnan hjá veiðiréttareigendum tók langan tíma, á endanum gekk þetta allt saman og fimm ára samningur staðreynd. Voru báðir þessir samningar mjög góð afmælisgjöf á þessu merkisári. Nefna má í framhaldi af þessu að ár félagsins við Geirlandsá eru nú orðin 48.

Ráðist var í að skipta um járn á eldri hluta hússins við Grenlæk ásamt því að laga verönd og reisa skjólvegg við hana.

Uppi eru áform um að fjárfesta í smáhýsi sem yrði viðbót við veiðihúsið við Fossála. Væri þetta hugsað sem svefnálma og myndi gjörbreyta aðstöðunni í veiðihúsinu. Er þetta mál í vinnslu en skýrist vonandi fyrir sumarið 2019.

Þar sem þetta er afmælisár félagsins, en þau telja orðið 60, er ekki úr vegi að sýna þeim öðlingum sem stofnuðu þetta félag örlitla virðingu. Varla hefur það hvarflað að þeim, að 60 árum eftir stofnfund, væri félagið enn á blússandi siglingu. Er mér óhætt að segja með miklu stolti, að bæði við stjórnarmenn og félagsmenn leggjum allt í sölurnar til að halda uppi merki félagsins og heiðra það mikla og góða starf sem forverar okkar inntu af hendi. Megi þeir hafa mikinn heiður fyrir sitt óeigingjarna starf.

***Gunnar J. Óskarsson***
***formaður SVFK***

HS ORKA

BERGRAF EHF

# Svipmyndir úr leik og starfi í 60 ár



Fossálahúsið  flutt austur 1997



Einar Stefánsson fyrrv. stjórnarmaður, Sigmar Ingason fyrrv. formaður, Sigurður Guðmundsson fyrrv. gjaldkeri og Ragnar Pétursson fyrrv formaður



Eftirminnileg veiði við gamla húsið í Geirlandsá 1980



Vatnamótahúsið hér flutt og tengt við gamla Grenlækjarhúsið 2004



Fjölskyldur áttu margar góðar stundir við Heiðarvatnið



Veiðihús Geirlandsár skemmdist í bruna árið 2005



Verið að klæða veiðihúsið við Vesturhópsvatn 2012

# Svipmyndir úr leik og starfi í 60 ár



*Velheppnuð vakt í Geirlandsá*



*Við Fáskrúð á fyrstu árum félagsins Sigurbjörn Tómasson og Sigurður Magnússon*



*Sigmar Ingason vandar sig við löndun*



*Vel mætt á opið hús*



*Veiðihúsið við Krossá á Skarðströnd*



*Þórhallur Guðjónsson fyrrv formaður ásamt Vilbergi Þorgeirssyni við framkvæmdir í sal félagsins að Hafnargötu, 1992*



*Skipt um járn á veiðihúsinu við Geirlandsá 1993*



*Komið skolplögnum fyrir á Mosum við Geirlandsá*



*Kolbeinn Grímsson kennir handtökin við flugukastkennslu*

# Svipmyndir úr leik og starfi í 60 ár



Hann er á við Búlandsstein í Geirlandsá



Á góðri stundu í félagsheimilinu á Suðurgötunni



## *Óður til veiðimanna*

*Marga þjáir stress og streita,*
*og stundum enga hvíld að fá.*
*Út í kyrrð og sælu sveita*
*sækir okkar hugur þá.*

*Ljúft er þá um landið að flakka,*
*um loftið hljómar fugla gnýr.*
*Með stöng í hönd við streng og bakka,*
*streitan hverfur, þreytan flýr.*

*Þar til aftur vakir vor,*
*vermir hugann ferðasaga.*
*Geymum öll hin gengnu spor,*
*og gleði fornra veiðidaga.*

*Megi félagsvegur vaxa,*
*vandi leysist því í hag.*
*Veiðið allir ótal laxa,*
*alveg fram á hinsta dag.*

*Keflavík, í ágúst 1983.*

*Friðrík Sigfússon*



Prúðbúnir árshátíðargestir á 30 ára afmæli félagsins



Framkvæmdir í Vatnamótunum á Brunasandi 1994



Elías Jóhannsson, Daði Þorgrímsson og Magnús Haraldsson tilbúnir í slaginn



Gunnar J Óskarsson formaður í Vatnamótunum

# Svipmyndir úr leik og starfi í 60 ár



*Þórhallur Guðjónsson sleppir laxaseiðum í gljúfrum Geirlandsár*



*Þessi mynd er tekin 1984 og sýnir gömlu brúna yfir Geirlandsá*



*Ingólfur Bárðarson og Eðvald Bóason fyrverandi formaður*



*Hér má sjá m.a. tvo af fyrrum formönnum félagsins þá Sigmar Ingason og Gunnlaug Óskarsson*






*Sigurður Ingimundarson fyrrv stjórnarmaður ásamt fyrsta formanni félagsins Sigurði Erlendssyni*



*Verið að gera klárt fyrir opnun í vorveiði í Geirlandsá*



*Veiði úr Stóru-Laxá veiðisvæði IV*

# Almennar umgengni og veiðireglur S.V.F.K.

## Brot á reglum varðar refsingu skv. lögum S.V.F.K. og skv. landslögum þar sem við á

**1.**
Veiðimenn skulu bera á sér veiðileyfi sitt og sýna það veiðiverði ef óskað er. **Veiðileyfin eru gefin út á nafn og er framsal óheimilt nema með samþykki félagsins.** Veiðiverðir hafa heimild til að skoða veiðitæki og feng. Skráið vel og skilmerkilega í veiðibækurnar. Leyfið töku hreistursýna ef óskað er.

**2.**
Þar sem heimilað er að tveir veiðimenn séu saman um stöng, skulu þeir fylgjast að við veiðarnar. **Það er mjög alvarlegt brot ef veiðimenn, sem eru saman um stöng veiða samtímis. Varðar það brottrekstur beggja úr ánni þegar í stað, upptöku afla og frekari refsingu eftir því sem við á**. Skipting á tíma á sitt hvorum stað við ána er óheimil.
3.Kappkostið að ganga vel um veiðisvæðið. Fleygið ekki rusli í árnar, á árbakkana eða á víðavangi. Hlífið gróðri og valdið ekki jarðraski. Forðist akstur utan venjulegra ökuslóða. Lokið girðingahliðum.

**4.**
Í öllum veiðihúsum S.V.F.K. eru rúmstæði með dýnum, eldunaraðstaða, áhöld til matreiðslu og borðbúnaður. Veiðimenn þurfa að hafa sængur ásamt sængurfötum meðferðis. Veiðimönnum ber að ganga vel um veiðihúsin og umhverfi þeirra og skila þeim ásamt öllum búnaði hreinum og vel frá gengnum í hendur þeirra sem næstir koma. **Veiðimenn eiga rétt á að koma í veiðihúsin einni klukkustund áður en veiðitími þeirra hefst. Vinsamlegast komið ekki að veiðihúsunum fyrir tilsettan tíma. Það truflar þá sem þar starfa að frágangi. Veiðimenn skulu rýma húsin klukkan 14 á brottfarardag.**
Sé einhverju ábótavant í húsunum er þess vænst af félagsmönnum S.V.F.K. að þeir bæti þar um, eftir því sem við verður komið. Sé frekari úrbóta þörf skal formanni árnefndar gert viðvart. Í veiðihúsunum eru upplýsingar um árnefndarformenn á hverjum stað.




**5.**
Á flestum veiðisvæðum gilda einhverjar sérreglur og er þær að finna í viðkomandi veiðihúsum. Veiðimönnum ber að kynna sér þessar reglur áður en þeir hefja veiði.
**Vanræksla þar um veitir enga afsökun.**





# Skýrsla vegna bikarúthlutunar SVFK 2018

### *1. Bakarabikarinn*



**Hann er veittur félagsmanni fyrir stærsta veiddan lax á svæðum félagsins og er það Sigurjónsbakarí sem gaf þennan veglega grip.**

Hann var veittur fyrir 7,5 kg hæng, 93 cm, sem veiddist á fluguna Collie dog nr 12 í Reykjadalsá nánar tiltekið í Klettsfljóti þann 18. ágúst.

**Veiðimaðurinn er Magnús Björnsson.**

### *2. Flugumaðurinn*



**Það er AM Trésmíði sem gefur þennan glæsilega bikar og er hann árlega veittur þeim félagsmanni sem veiðir flesta flugulaxa á svæðum félagsins í einni veiðiferð.**

Bikarinn var veittur fyrir 8 laxa veiðitúr sem farin var í Reykjadalsá dagana 24.-26. júlí. Sjö laxana fengust á Hauginn og einn á svartan Frances.

**Veiðimaðurinn er Rafn Hafliðason.**

### *3. Kvennabikarinn*



**Þennan bikar gaf Sportbúð Óskars 1991 og er hann veittur fyrir stærsta fisk sem eiginkona félagsmanns eða félagsbundin kona veiðir.**

Bikarinn er veittur fyrir sannkallaðan stórlax sem veiddist í Reykjadalsá þann 27. sept. Fékkst fiskurinn á maðk í Búrfellsfljóti. Laxinn var mældur 90 cm og reyndist vera 7,7 kg hængur.

**Veiðikonan er Benedikta Benediktsdóttir.**

### *4. Verkfræðistofubikarinn*



**Þennan glæsilega grip gefur Verkfræðistofa Suðurnesja og er hann veittur konu fyrir stærsta flugufisk á svæðum félagsins.**

Verðlaunin eru veitt fyrir 1,5 kg sjóbirting sem fékkst á fluguna Hairy Mary þann 13. september í Bæjarfljóti í Reykjadalsá.

**Veiðikonan er María Ólöf Sigurðardóttir.**

### *5. Verkalýðsbikarinn*



**Gefinn af Verkalýðs og sjómannafélagi Keflavíkur árið 2000. Hann skal veita börnum eða unglingum undir 16 ára aldri fyrir stærsta veiddan fisk á svæðum félagsins.**

Bikarinn var veittur fyrir sjóbirting sem veiddist í Fossálunum þann 27. september. Fiskurinn var hængur og veiddist á hvítan Reflex í veiðistað nr 16. Vó hann 5,1 kg og mældur 76 cm.

**Veiðikonan er hin 12 ára gamla Jakobína Björk Jónasdóttir.**

### *6. Flugubikarinn*



**Þessi bikar var gefinn af Stangveiðifélagi Hafnarfjarðar 22. nóvember 1998 í tilefni 50 ára afmælis SVFK.**

Hann er veittur félagsmanni fyrir stærsta veiddan lax á flugu á svæðum félagsins.

Það er eins og áður hefur komið fram hinn 7,5 kg Reykjadalsárlax sem reyndist stærstur og fékkst á fluguna Collie Dog í Klettsfljóti 18. ágúst.

**Veiðimaðurinn er Magnús Björnsson.**

### *7. Flugubikar yngsta veiðimannsins*

**Konráð Lúðvíksson gaf þennan bikar 1987.**

Hann gengur því miður ekki út að þessu sinni og viljum við nota tækifærið og hvetja foreldra til að halda ungviðinu við efnið.

### *8. Fiskóbikarinn*



**Það er Gæludýraverslunin Fiskó sem gefur gripinn og er hann veittur fyrir stærsta veiddan sjóbirting á svæðum félagsins.**

Það var 29. september í Kleifarnefi í Geirlandsá sem risavöxnum sjóbirtingi var landað á litla Lippu. Fiskurinn var 88 cm hængur og var sleppt aftur. Má leiða líkur að því að hann hafi vegið um 8 kg.

**Veiðimaðurinn er Sigurgeir Jóhannsson.**

### *9. V.Í.S. bikarinn*



**Gefinn af Vátryggingafélagi Íslands og skal hann veittur fyrir stærsta sjóbirting veiddan á flugu í sumar og haustveiði .**

Það var 6. október sem bleikum Dýrbít var kastað yfir Ármótin í Geirlandsá. Skömmu seinna var 6,5 kg þungum sjóbirtingi landað.

**Veiðimaðurinn er Ágúst Hauksson.**







# Villibráðar og uppskeruhátíð SVFK

*- var haldin 18. nóvember sl. í Oddfellow salnum*

**Það var mikið um dýrðir þegar Stangveiðifélag Keflavíkur hélt upp á 60 ára afmælið með pompi og prakt fyrir fullu Oddfellow húsi um helgina.**

Matreiðslumeistarinn Úlfar Finnbjörnsson var að sjálfsögðu í aðalhlutverki með villibráðarhlaðborð sem á sér enga hliðstæðu. Það eru löngu hætt að vera til nógu sterk lýsingarorð yfir matseld og framreiðslu þessa mikla meistara en þetta er 10. árið í röð sem hann er með villibráð hjá félaginu.

Tekið var á móti veislugestum með fordrykk og bauð Gunnar Óskarsson, formaður félagsins, gesti velkomna og setti hátíðina.

Veislustjóri kvöldsins Gísli Einarsson mætti uppáklæddur í hárauðum jakkafötum með gullbindi sem vakti mikla kátínu og fór hann hamförum í uppistandinu. Máttu gestir hafa sig alla við að ná andanum á milli hláturskasta.

Jóhanna Guðrún tróð upp ásamt Davíð Sigurgeirssyni undirleikara og fóru þau hjú á kostum í frábærum flutningi sínum.

Verðlaunafhending og happdrætti var á sínum stað með glæsilega vinninga og að lokum steig hljómsveitin Sue á stokk og hélt veislugestum í dúndurstuði á dansgólfinu fram eftir nóttu.

Hinn velheppnaða ljósmyndabakgrunn í forstofu hússins hannaði Benedikta Benediktsdóttir og kunnum við henni bestu þakkir fyrir.

Ljósmyndun var svo í öruggum höndum Garðars Ólafssonar og óhætt að segja að myndirnar segi meira en mörg orð um stemninguna.

Stjórn SVFK vill koma á framfæri þakklæti til allra þeirra sem lögðu hönd á plóg til að gera þessa hátíð sem glæsilegasta.

Einnig viljum við þakka styrktaraðilum og þá sérstaklega veislugestum fyrir frábært kvöld.

Án ykkar væri þetta ekki hægt.


































# Fjölskylduparadís

# Vesturhópsvatn



## Verðskrá

**Tvær aðskiptar íbúðir undir sama þaki með sérinngangi. Útleigu fylgir heimild til veiða með 4 stöngum með hvorri íbúð og afnot af bátum.**

**Tímabilið frá 5/6-10/8 ein íbúð.(sumar)**
**Sólarhringsleiga frá mánud.-föstud. verð kr. 17.000**
**Helgarleiga frá föstud.-mánud. (þrír sólarhringar) kr 51.000**

**Tímabilið frá 10/8-5/6 ein íbúð. (haust,vetur,vor)**
**Sólarhringsleiga frá sunnud.-föstud. verð kr 15.000**
**Helgarleiga frá föstud-sunnud (tveir sólarhringar) kr. 30.000**

**Allt innifalið í verði þ.e. íbúðin, 4 stangir og afnot af bát.**

### *Staðsetning*

Vesturhópsvatn er staðsett í Þverárhreppi í V.-Húnaþing. Hæð yfir sjó er 19 m. og flatarmál 10.3 km'. Mesta mælda dýpi er 28 m. Mesta lengd 6.9 km. og mesta breidd 2.3 km. Umhverfi vatnsins er mjög fagurt og gnæfir Borgarvirki yfir austurhluta þess.Vegalengdin frá Reykjanesbæ er um 250 km um Hvalfjarðargöng og er vatnið 24 km frá Hvammstanga. Fagurt umhverfi er við Vesturhópsvatn, og margt að skoða. Skammt austan vatnsins er blágrýtisstapi sem kallast Borgarvirki, 177 metra hár. Þar eru rústir af fornu virki en enginn veit hver hlóð það eða hvers vegna þótt þjóðsögur hermi að Víga-Barði Guðmundsson, sem frá segir í Heiðarvíga sögu og bjó í Ásbjarnarnesi við Hópið, hafi látið reisa það.

### *Veiðihús*

Mjög gott hús er við vatnið með tveimur aðskiptum íbúðum undir sama þaki. Í hvorri íbúð fyrir sig, sem eru um 50m2, er svefnpláss fyrir amk. átta manns, sex í kojum og tveir í svefnsófa. Jafnvel geta tíu gist þar sem tvö rúmstæði eru ein og hálf breidd og eru þannig hentug fyrir fullorðin og barn. Húsið er rafvætt, eldavél með bakarofni og öll helstu raftæki. Baðherbergi með sturtu.











Á staðnum eru gasgrill fyrir hvora íbúð.

Leigjendum er heimilt að koma í hús kl 15.00 á komudegi og skulu vera búnir að rýma húsið fyrir kl 14 á brottfarardegi.

Athugið að við gatnamót inn á veg 716 rétt áður en komið er að vatninu eru sorpgámar þar sem dvalargestir geta losað sorp að dvöl lokinni.

Íbúðunum skal skila af sér vel þrifnum og allt rusl fjarlægjast.

Leigjendur leggja sjálfir til sængur, sængurfatnað, viskustykki og borðtuskur.

Björgunarvesti eru einnig á staðnum fyrir börn og fullorðna.

Árnefndarmenn eru þeir Guðmundur Óskarsson í síma 893-7212 og Ásgeir Húnbogason í síma 690 1662

Endilega verið í sambandi ef eitthvað er sem má betur fara eða er ábótavant í húsunum.

### *Leiðarlýsing að húsi*

Ekinn er þjóðvegur 1 sem leið liggur norður í land um Hvalfjarðargöng.



Ekið er framhjá afleggjaranum inn að Hvammstanga og eknir um 6,5 km í viðbót eða þar til beygt er til vinstri inn á Vatnsnesveg nr. 711. Þar er ekið sem leið liggur inn að vatninu um 11 km leið. Beygt er til hægri inn að einu sumarhúsabyggðinni sem staðsett er vestanmegin við vatnið. Fylgt er eftir vegslóðanum um 700 mtr. þar til heimreið merkt SVFK blasir við..

### *Veiðifyrirkomulag:*

Heimild er til veiða með fjórum stöngum með hvorri íbúð fyrir sig og engin takmörkun á stöngum fyrir börn yngri en 12 ára. Daglegur veiðitími er frjáls þó annað komi fram á veiðileyfinu.

Einnig er heimilt er að leggja net yfir nóttina en þau eru ekki á staðnum.

Það eru aðrir bústaðir á svæðinu og fylgir netarétturinn öllum húsum.

Leyfilegt er að veiða alla strandlengjuna innan veiðimarka sem afmarkast annarsvegar við Klambranes og hinsvegar lækjarins Kýrlágs sem er rétt sunnan við syðsta sumarbústaðinn.

Nýjir bátar eru til afnota fyrir hvora íbúð ásamt árum og eru þeir merktir. Björgunarvesti eru á staðnum.

Veiði af bát takmarkast við áður uppgefinn veiðimörk en alls ekki nær en 150 mtr. frá strandlengjunni á móti. Heimilt er að sigla um allt vatn.



### *Veiðin:*

Allgóður fiskur er í vatninu. Aðalfiskurinn er urriði  en einnig er að finna bleikju og murtu. Bleikjan og urriðinn veiðast allt að 3-4 pund, en þorrinn er smærri.

Sjóbirtings og laxavon er einnig enda samgangur við sjó um Faxalæk og Víðidalsá. Dæmi eru um afarstóra fiska úr vatninu, allt að 6 til 7 kg. sjóbirtinga á seinni árum. Stærstu skráðu fiskar eru 12 kg. sjóbirtingur árið 1988 og 12 kg. vatnaurriði árið 1993.


VEIÐIMENN!

Haldið aflanum ferskum
í fiskikössum frá okkur

FRAUÐPLASTKASSAR
EINANGRUNARPLAST

BORGARPLAST
www.borgarplast.is
Völuteigur 31 - 31 A
270 Mosfellsbær
Ísland






# Grenlækur
# 4. svæði - Fitjaflóð

## Verðskrá

**Verð á stöng pr. dag**

**Tveggja daga holl með skiptingu á miðjum degi**

| Dags | Stangir | Félagsmenn | Aðrir |
|---|---|---|---|
| 21/5-23/5 | 4 | 17,000,00 | 19,500,00 |
| 23/5-25/5 | 4 | 17,000,00 | 19,500,00 |
| 27/5-29/5 | 4 | 17,000,00 | 19,500,00 |
| 31/5-2/6 | 4 | 15,000,00 | 17,250,00 |
| 4/6-6/6 | 4 | 10,000,00 | 11,500,00 |
| 14/6-16/6 | 4 | 10,000,00 | 11,500,00 |
| 26/6-28/6 | 4 | 10,000,00 | 11,500,00 |
| 4/7-6/7 | 4 | 10,000,00 | 11,500,00 |
| 14/7-16/7 | 4 | 13,000,00 | 14,900,00 |
| 26/7-28/7 | 4 | 13,000,00 | 14,900,00 |
| 7/8-9/8 | 4 | 13,000,00 | 14,900,00 |
| 11/8-13/8 | 4 | 14,000,00 | 16,100,00 |
| 19/8-21/8 | 4 | 14,000,00 | 16,100,00 |
| 27/8-29/8 | 4 | 16,900,00 | 19,400,00 |
| 6/9-8/9 | 4 | 16,900,00 | 19,400,00 |
| 18/9-20/9 | 4 | 16,900,00 | 19,400,00 |
| 26/9-28/9 | 4 | 16,900,00 | 19,400,00 |
| 28/9-30/9 | 4 | 16,900,00 | 19,400,00 |
| 4/10-6/10 | 4 | 15,000,00 | 17,200,00 |
| 12/10-14/10 | 4 | 15,000,00 | 17,200,00 |

**Veiðihús er innifalið í öllum verðum**

### *Veiðitilhögun*

**Vorveiði**
**Fjöldi stanga:** 4
**Skipting daga:** Tveggja daga holl (hálfur, heill og hálfur dagur)
**Veiðitími:** 7. maí - 20. Júní
**Agn:** Fluga og spónn
**Kvóti**: 3 fiskar á stöng pr dag
Öllum niðurgöngufiski (hrygningarfiski) skal sleppt
**Allri bleikju skal sleppt**

**Sumar og haustveiði**
**Fjöldi stanga:** 4
**Skipting daga:** Tveggja daga holl (hálfur, heill og hálfur dagur)
**Veiðitími:** 20. júní – 20. okt
**Agn:** Fluga, spónn og maðkur
**Kvóti:** 3 fiskar á stöng pr dag
**Allri bleikju skal sleppt**

**Daglegur veiðitími:**
7. maí til 14. ágúst frá kl 7-13 og 16-22
14. ágúst til 18. okt frá kl 7-13 og 15-21



*Veiðihús.*

### *Staðsetning*

Grenlækur er staðsettur í Landbroti rétt vestan Kirkjubæjarklausturs.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um Grenlækjarsvæðið sem er eitt það fengsælasta á landinu. Þetta svæði lengir sjóbirtingstímabilið þar sem hann veiðist mun fyrr hér en á þeim svæðum sem við eigum að venjast. Sjóbirtingsveiðin hefst í maí og er fram í júní. Þá tekur við veiði á staðbundum urriða og vænni bleikju. Um miðjan júlí eru svo mættar fyrstu alvöru sjóbirtingsgöngurnar og er fiskur að ganga út októbermánuð.

### *Leiðarlýsing að húsi*

Beygt til hægri af þjóðvegi nr. 1 rétt áður en farið er yfir Skaftárbrúna og er um 10 mínútna keyrsla þar sem keyrt er yfir árnar Grenlæk, Sýrlæk og Jónskvísl áður en beygt er til vinstri að heimreiðinni að Fossum og Arnardrangi. Þar er ekið sem

leið liggur í átt að Arnardrangi en tekinn afleggjari um girðingarhlið til hægri rétt áður en komið er að túnhliðinu við Arnardrang. Þar er ekinn slóði sem liggur í hraunlendi meðfram túninu, niður brekku síðan er beygt til vinstri og sést þá húsið sem staðsett er í hraunjaðrinum.

### *Veiðihús*

Félagið á stórt og gott veiðihús sem er á besta stað í hraunjaðrinum rétt áður en komið er í Flóðið.

Húsið er rafvætt og skiptist þannig að það er eldhús, setustofa, snyrting og sturta í annarri álmunni og fjögur tveggja manna (kojur)svefnherbergi í hinni. Gas-grill er á staðnum. Veiðimenn mega koma í veiðihúsið einni klukkustund áður en veiði hefst og skulu rýma húsið klukkan 14 brottfarardag.

Veiðimönnum ber að þrífa húsið fyrir brottför og fjarlægja rusl.

Veiðimenn leggja sjálfir til sængur, sængurfatnað, tuskur og viskustykki.

### *Veiðibók*

Veiðibók fyrir veiðimenn SVFK er staðsett í veiðihúsinu.

Skrá skal allan afla vel og skilmerkilega í veiðibók einnig þeim fiski sem er sleppt.

Það er mikilvægt að einstaklingsskrá hvern fisk.

### *Leiðarlýsing að veiðisvæði*

Frá húsinu er ekin leið sem liggur til baka á söndunum meðfram hraunlendinu og beygt til vinstri sem leið liggur yfir lækjarsprænu og sveigir slóðin niður á sandinn. Slóðanum er fylgt niður að brú yfir Grenlæk. Allra stærstu bílar komast ekki yfir brúna. Fylgja skal stikaðri slóð og forðast að aka út fyrir hana. Vinsamlegast lokið öllum hliðum á eftir ykkur.

### *Veiðistaðalýsing*

Svæðið afmarkast af skiltum við veiðisvæðaskil. Að ofan eru veiðiskilin við skilti ofan við Efri-Skurð, en að neðan við skilti sem er staðsett við Neðri-Skurð, neðan við brúna.

Ferðast er um austurbakka veiðisvæðisins því vesturbakkinn er tæplega fær öðrum en fuglinum fljúgandi. Einnig má fara um nánast allt Flóðið á vöðlum, en þó þarf að gæta fóta sinna því á stöku stað er botninn laus í sér. Eins getur gróður flækst fyrir fótum veiðimanna, einkum síðsumars.

Bátur er til ráðstöfunar fyrir veiðimenn.

Veiðisvæðið byrjar við tangann rétt ofan við Efri-Skurð en niður af honum breiðir lækurinn úr sér og nefnist þar Fitjaflóð eða Flóðið. Í Flóðinu má á sumrin finna ála með áberandi straumi en annars er vatnið þar kyrrt sem stöðuvatn. Margir telja veiðivon meiri í álunum en aðrir segja að best sé að kasta fyrir fisk við brúnirnar á sefbreiðunum. Enn aðrir segja að vesturbakkinn, þar sem drullupyttirnir eru, sé bestur. Neðri endi Flóðsins endar á svonefndri Trekt. Kvíslast áin þar eftir á milli hólma og síðan sameinast árvatnið aftur í svokölluðum Neðri-Skurði allt til neðri veiðimarka sem eru við girðingu spölkorn neðan við brúna. Ekki er síður von á sjóbirtingi í Trektinni og Neðra- Skurði en í Flóðinu og Efri-Skurði.


*Sigurjón bakari með góðan feng*

### *Veiðin 2018*

Veiðitölur fyrir síðasta ár lágu ekki nákvæmlega fyrir þegar þetta er ritað.

Vorveiðin hófst með látum og var hún góð fram í fyrstu viku af júní.

Fyrstu sjóbirtingsgöngurnar voru svo mættar um miðjan júlí en svo var veiðin frekar dræm í allt haust eins og á öllum öðrum sjóbirtingssvæðum þetta haustið og var helst um að kenna veðurfari þar sem óhagstæðar ríkjandi norð-austanáttir með rigningarleysi, stillum og björtu veðri gerðu veiðimönnum erfitt fyrir, þó komu einstaka skot þegar veðurfar var hagstætt. Nóg var af fiski en tökurnar ekki í takt við magnið.

Meðalveiði síðustu 10 ára er rúmlega 600 fiskar, mest sjóbirtingur.


*Hann er á í Trektinni*



# Jónskvísl og Sýrlækur

## Verðskrá

**Verð á stöng pr. dag**

**Tveggja daga holl með skiptingu á miðjum degi**

| Dags | Stangir | Félagsmenn | Aðrir |
|---|---|---|---|
| 6/7-8/7 | 3 | 9,900,00 | 11,385,00 |
| 12/7-14/7 | 3 | 9,900,00 | 11,385,00 |
| 20/7-22/7 | 3 | 9,900,00 | 11,385,00 |
| 24/7-26/7 | 3 | 9,900,00 | 11,385,00 |
| 5/8-7/8 | 3 | 16,000,00 | 18,400,00 |
| 9/8-11/8 | 3 | 16,000,00 | 18,400,00 |
| 17/8-19/8 | 3 | 16,000,00 | 18,400,00 |
| 31/8-2/9 | 3 | 21,000,00 | 24,150,00 |
| 8/9-10/9 | 3 | 21,000,00 | 24,150,00 |
| 16/9-18/9 | 3 | 21,000,00 | 24,150,00 |
| 24/9-26/9 | 3 | 21,000,00 | 24,150,00 |
| 30/9-2/10 | 3 | 21,000,00 | 24,150,00 |
| 6/10-8/10 | 3 | 21,000,00 | 24,150,00 |

**Veiðihús innifalið í öllum verðum**

### *Veiðitilhögun*

**Sumar og haustveiði**
**Fjöldi stanga:** 3
**Skipting daga:** Tveggja daga holl (hálfur, heill og hálfur dagur)
**Veiðitími:** 20. júní – 20. okt
**Agn:** Fluga, spónn og maðkur
**Kvóti:** 3 fiskar á stöng pr dag
**Allri bleikju skal sleppt**

### *Daglegur veiðitími:*

30. júní til 14. ágúst frá kl 7-13 og 16-22
14. ágúst til 18. okt frá kl 7-13 og 15-21

### *Staðsetning*

Jónskvísl og Sýrlækur eru staðsettir í Landbroti rétt vestan Kirkjubæjarklausturs.

Árnar eru mjög fallegar og skemmtilegar. Þetta eru fyrst og fremst sjóbirtingssvæði en þó er aðalveiðin yfir sumartímann bleikja og staðbundinn urriði. Mjög gott aðgengi er að ánni.

### *Leiðarlýsing að húsi*

Beygt til hægri af þjóðvegi nr. 1 rétt áður en farið er yfir Skaftárbrúna og er um 10 mínútna keyrsla þar sem keyrt er yfir árnar Grenlæk, Sýrlæk og Jónskvísl áður en beygt er til vinstri að heimreiðinni að Fossum og Arnardrangi. Þar er ekið sem leið liggur í átt að Arnardrangi en tekinn afleggjari um girðingarhlið til hægri rétt áður en komið er að túnhliðinu við Arnardrang. Þar er ekinn slóði sem liggur í hraunlendi meðfram túninu, niður brekku síðan er beygt til vinstri og sést þá húsið sem staðsett er í hraunjaðrinum.



*Veiðihús*



*Alexander Polson með fisk úr Kvíslinni*



### *Veiðihús*

Félagið á stórt og gott veiðihús sem er á besta stað í hraunjaðrinum rétt áður en komið er í Flóðið.

Húsið er rafvætt og skiptist þannig að það er eldhús, setustofa, snyrting og sturta í annarri álmunni og fjögur tveggja manna (kojur)svefnherbergi í hinni. Gasgrill er á staðnum.

Veiðimenn mega koma í veiðihúsið einni klukkustund áður en veiði hefst og skulu rýma húsið klukkan 14 brottfarardag.

Veiðimönnum ber að þrífa húsið fyrir brottför og fjarlægja rusl.
Veiðimenn leggja sjálfir til sængur, sængurfatnað, tuskur og viskustykki.

### *Veiðibók*

Veiðibókin fyrir Jónskvísl er við bæinn Fossa, vel merkt. Vinsamlegast skráið allan afla og setjið á sinn stað en ekki taka með upp í veiðihús þar sem hún gæti gleymst. Ástæðan fyrir þessari staðsetningu er sú að ekki öll veiðifélögin um Jónskvísl nota veiðihús SVFK.

**Einnig er veiðibók í veiðihúsi SVFK og biðjum við okkar veiðimenn að skrifað veiðina í þá bók en alls ekki í báðar bækur.**

Skrá skal allan afla vel og skilmerkilega í veiðibók einnig þeim fiski sem er sleppt. Það er mikilvægt að einstaklingsskrá hvern fisk.



*Hjalti Geir Guðmundsson og Jón Ólafur Erlendsson með flotta fiska úr Jónskvísl*

### *Veiðistaðalýsing*

Efri skil veiðisvæðisins markast við svokallað Rafstöðvarlón ofan brúar og neðri skil sem er um 100 mtr. neðan við neðsta foss og ármótum Sýrlækjar en þar er belgur sem afmarkar neðri mörk. Jónskvísl er nánast einn samfelldur veiðistaður en þó eru nokkrir sérlega góðir hyljir og ber þar að nefna sérstaklega Eyvindarhyl sem getur geymt mikið af fiski. Fyrir neðan fossinn er svo góður veiðistaður sem mikið veiðist í árlega. Þá má ekki gleyma Sýrlæk sem er oft vanmetin vegna smæðar en árlega veiðast stórir fiskar í honum. Stór bleikja er í Jónskvísl en hún er yfirleitt um 3-6 pund og veiðist þá helst í júní-ágúst en eftir það virðist hlutdeild hennar minnka.

### *Veiðin 2018*

Veiðin var með ágætum og ívið betri en í öðrum ám á svæðinu þetta árið. Fiskurinn var mættur snemma upp í Kvíslina og voru fyrstu fiskar að veiðast rétt um miðjan júlí og hélst veiðin nokkuð jöfn út tímabilið. Heildarveiði var um 190 fiskar.



*Magnús Björgvinsson ánægður með stöðuna*



*Edward Knight gerði góða ferð í Jónskvísl*




# Geirlandsá

## Verðskrá

Verð á stöng pr. dag

### Vorveiði

**Tveggja daga holl með skiptingu á miðjum degi.**

| Dags | Stangir | Félagsmenn | Aðrir |
|---|---|---|---|
| 3/4-19/4 | 4 | 19.800,- | 22.770,- |
| 19/4-31/5 | 4 | 12.400,- | 14.260,- |

### Vikudvöl

**Fimmtud.-fimmtud. með skiptingu á miðjum degi.**

| Dags | Stangir | Félagsmenn | Aðrir |
|---|---|---|---|
| 31/5-14/6 | 4 | 2.500,- | 2.875,- |

### Sumarveiði

**Þriggja daga holl með skiptingu á miðjum degi.**

| Dags | Stangir | Félagsmenn | Aðrir |
|---|---|---|---|
| 27/6-2/8 | 4 | 4.700,- | 5.405,- |
| 2/8-5/8 | 4 | 7.900,- | 9.085,- |

### Haustveiði

**Tveggja daga holl með skiptingu á miðjum degi.**

| Dags | Stangir | Félagsmenn | Aðrir |
|---|---|---|---|
| 5/8-7/8 | 4 | 14.500,- | 16.675,- |
| 7/8-13/8 | 4 | 21.800,- | 25.070,- |
| 13/8-31/8 | 4 | 25.100,- | 28.865,- |
| 31/8-18/10 | 4 | 50.500,- | 58.075,- |

**Veiðihús er innifalið í öllum verðum.**

**Ath. vegna happdrættis og bændaleyfa koma eftirtaldir dagar ekki til úthlutunar: 23/6-30/6 og 18/9-20/9**

## *Veiðitilhögun*

**Vorveiði**
**Fjöldi stanga:** 4
**Skipting daga:** Tveggja daga holl (hálfur, heill og hálfur dagur)
**Veiðitími:** 1. apríl - 31. maí
**Agn:** Fluga og spónn
**Kvóti:** 3 fiskar á stöng pr dag
**Öllum niðurgöngufiski (hrygningarfiski) skal sleppt**

**Sumarveiði**
**Fjöldi stanga:** 4
**Skipting daga:** Þriggja daga holl (hálfur, heill, heill og hálfur dagur)
**Veiðitími:** 20. júní – 5. ágúst
**Agn:** Fluga, spónn og maðkur
**Kvóti:** 3 fiskar á stöng pr dag

**Haustveiði**
**Fjöldi stanga:** 4
**Skipting daga:** Tveggja daga holl (hálfur, heill og hálfur dagur)
**Veiðitími:** 5. ágúst – 18. október
**Agn:** Fluga, spónn og maðkur
**Kvóti:** 3 fiskar á stöng pr dag

**Daglegur veiðitími:**
1. apríl til 1. maí frá kl 7-13 og 15-21
1. maí til 14. ágúst frá kl 7-13 og 16-22
14. ágúst til 18. okt frá kl 7-13 og 15-21

Seld eru leyfi til 18. október þar sem leyfi fékkst fyrir framlengingu síðasta ár, ef einhverra hluta vegna framlenging verði ekki heimiluð verða þau veiðileyfi sem seld eru þann tíma endurgreidd. Einnig er rétt að vekja athygli á því að einnig gæti orðið um veiðitakmarkanir á einhvern hátt að ræða í framlengingu t.d. eingöngu veitt á flugu og jafnvel sleppiskyldu á veiddum fiski.



*Veiðihús Geirlandsár*



*Systkynin Tómas Elí og Guðrún Mjöll Stefánsbörn með flotta ágústveiði*



*Arnór Ragnarsson  með flotta júlíveiði*



*Oddgeir Einarsson með 4 kg sjóbirting úr Ármótum*

### *Staðsetning*

Geirlandsá á Síðu er staðsett í V-Skaftafellssýslu og er án vafa ein af bestu sjóbirtingsám landsins.

Veiðivon er fyrst og fremst mjög vænn sjóbirtingur með þó nokkurri laxveiði og bleikjuvon.

Áin er 22 km löng bergvatnsá og á upptök sín í Geirlandsárbotnum sem er í 500-600 m.h.y.s. upp á vesturhálendi Kaldbaks. Fiskgengi hluti árinnar er um 12 km langur sem nær upp að Hagafossi. Fyrir neðan fossinn rennur áin í hrikalega fögrum gljúfrum sem breikka svo er neðar dregur en þar fer áin að sveigja um gljúfurbotninn og rennur svo um flatlendi þar sem malarbotn er og að lokum á söndum.

### *Leiðarlýsing að húsi*

Ekið er sem leið liggur eftir þjóðvegi 1 til Kirkjubæjarklausturs. Beygt er við hringtorgið á Kirkjubæjarklaustri og keyrt inn áfram um 3 km á veg 203 sem er Geirlandsvegur.

Þar skammt innan við bæinn Geirland er tekin vinstri beygja inn heimreiðina að veiðihúsinu sem er staðsett í skógarlundi undir fjallinu Kylli.

### *Veiðihús*

Gott veiðihús er við ána með fjórum tveggja manna herbergjum (kojur), eldhúsi, setustofu, baðherbergi með salerni og sturtu. Útbúið helstu raftækjum ásamt eldavél með bakarofni.

Gasgrill er á staðnum.

Veiðimenn mega koma í veiðihúsið einni klukkustund áður en veiði hefst og skulu rýma húsið klukkan 14 brottfarardag. Veiðimönnum ber að þrífa húsið fyrir brottför og fjarlægja rusl.

Veiðimenn leggja sjálfir til sængur, sængurfatnað, tuskur og viskustykki.

Öll aðstaða við Geirlandsá er góð og hvetjum við fólk til þess að nýta sér þann möguleika að kaupa veiðileyfi á sumartímanum gegn vægu gjaldi og njóta hússins og útiverunnar.

### *Ódýr sumarleyfi*

Tíminn frá 20. júní til 5. ágúst eru seldir 3 dagar saman.
(hálfur, heill, heill, hálfur dagur)
Leyfilegt er að veiða á fjórar stangir þessa sumardaga. Hvert holl kostar til félagsmanna 56,400 krónur nema tímabilið 2/8-5/8
sem kostar kr. 94,800.
Veiðihús er innifalið í öllum verðum.

### *Veiðin 2018*

Í ár veiddust 604 sjóbirtingar, 41 lax og 13 bleikjur.

Í vor veiddust 413 sjóbirtingar, 121 voru á flugu en 292 á spún og var 270 birtingum sleppt aftur.

Alls var 280 sjóbirtingum sleppt í ár.

| | |
|---|---|
| Vorveiði | 413 sjóbirtingar. |
| Haustveiði | 191 sjóbirtingur. |
| Laxveiði | 41 lax. |

### *Yngstu veiðimennirnir*

Það voru vaskir veiðimenn á ferðinni ásamt foreldrum sínum við Geirlandsá í lok maí og gerðu góða veiði. Ragnar Guðberg 6 ára, Óli Viðar 12 ára, Rakel Kara 7 ára og Ólafía Rún 2 og hálfs árs. Samtals fengu þau 7 birtinga, flesta á Mepps spinner. Voru flestir fiskarnir í kringum 1 kg. Þá má geta þess að Ragnar Guðberg var aftur á ferðinni ásamt föður sínum og veiðifélögum um miðjan ágúst í Geirlandsá. Setti hann í og landaði tveimur fallegum sjóbirtingum. Voru þeir 2,2 kg og 3,5 kg. Báðir tóku þeir Lippu í ármótunum. Glæsilegt hjá þessum ungu veiðimönnum.

### *Stærstu fiskarnir*

Eins og vel er þekkt á þessu svæði veiðast á hverju ári stórir sjóbirtingar. Í haust veiddust 21 birtingur sem var 5,0 kg og yfir, sem er mjög gott hlutfall af veiði ársins.

Í vor var nokkuð af stórum fiski á ferðinni og var nokkuð um fiska sem voru 70 cm og yfir. Þann 1.apríl veiddi Gunnar J. Óskarsson sjóbirting á lippu, voru það Ármótin sem gáfu þennan bolta sem reyndist vera hængur og var mældur 91 cm langur. Þá setti Óskar Gunnarsson í boltabirting 1.apríl og tók hann einnig Lippu, var það í Ármótunum. Var þessi hængur mældur 88 cm. Einnig landaði Sigurpáll Davíð Eðvarðsson þann 12.apríl 94cm og ca 8,0 kg hæng í Ármótunum. Tók hann fluguna Fish Skull stærð 6. Öllum upptöldum fiskum var sleppt að viðureign lokinni.

Í haust var drjúgt af stórfiski á ferðinni og ætlum við að minnast á þá stærstu.

29. september landaði Sigurgeir Jóhannsson risavöxnum sjóbirtingi á Lippu í Kleifarnefi. Fiskurinn reyndist vera 88 cm langur hængur og var sleppt aftur. Vignir Sigursveinsson var við veiðar við



*Séð niður Hagagljúfur*

Mörtungunef 7. október og setti hann í hrygnu sem reyndist vera 82 cm og 7,0 kg. Var það maðkurinn sem gaf þennan birting. Ingólfur H. Matthíasson var á ferðinni við Ármótin 23.september og setti í 6,4 kg hæng. Tók þessi bolti svartan Toby hjá Ingólfi.

Stærsta laxinn á þessu ári náði Bjarnþór Þorláksson að setja í á maðkinn í Flatarhylnum 6.ágúst, reyndist hann vera 6,2 kg hrygna 88 cm löng.

### Flugufiskar

Stærsta sjóbirtinginn á flugu sem vigtaður var, fékk Ágúst Hauksson þann 6.október í Ármótunum. Ekki er tekið fram kyn en þetta var 6,5 kg bolti sem skellti sér á fluguna Bleikan Dýrbít. Þá setti Helgi Rafn Helgason í og landaði höfðingja í Eyjahyl þann 11.október sem reyndist vera 92 cm langur. Var þetta hængur og tók hann fluguna Zonker. Var þessum höfðingja sleppt að viðureign lokinni.

Stærsta laxinn á flugu fékk Hjörleifur Stefánsson og tók hann í Kleifarnefinu 1.ágúst. Þetta reyndist vera hrygna sem var 69 cm og 4,5 kg. Var það flugan þekkta Rauður Frances sem gaf þennan fisk.



*Stefán Einarsson og Eydís Eyjólfsdóttir fóru í fjölskylduveiðiferð í Geirlandsá*



*Jón Þór Björgvinsson með 6.kg. sjóbirting úr Fernishyl*






# Eftirfarandi veiðisvæði býður SVFK uppá í umboðssölu frá SVH

**Við viljum vekja athygli á því að eftirfarandi dagar verða eingöngu til umsóknar þar til úthlutun til félagsmanna lýkur, eftir það verður þeim dögum sem ekki seljast skilað.**

### *Hlíðarvatn í Selvogi*

Þetta frábæra bleikjuveiðivatn er í einungis 45 mínútna fjarlægð frá Hafnarfirði og hefur um árabil verið eitt virtasta og gjöfulasta veiðivatn landsins, leyfilegt agn er fluga og spónn.

Félagið hefur til umráða fimm stangir á dag og er veiðitíminn frá 1. maí til 30. september. Afnot af mjög góðu húsi eru innifalin og má koma í hús og hefja veiði kl. 18:00 að kvöldi fyrir skráðan veiðidag og ljúka skal veiði og skila hreinu húsi fyrir kl. 18:00 á skráðum veiðidegi.

Lykilnúmer að lyklalás fylgir veiðileyfinu og æskilegt að rugla honum vel að dvöl lokinni.

*ATH í ágúst eru eingöngu seldar þrjár stangir saman.

**Verðskrá:**
**Verð á stöng pr. dag**

| **Dags.** | **stangir** | **félagsmenn** |
|---|---|---|
| **10/5** | **5** | **6.000,-** |
| **12/6** | **5** | **6.000,-** |
| **13/7** | **5** | **7.000,-** |
| **16/7** | **5** | **6.000,-** |
| **11/8** | ***3** | **15.000,-** |
| **12/8** | ***3** | **12.000,-** |
| **29/8** | ***3** | **12.000,-** |
| **21/8** | ***3** | **12.000,-** |

### *DJÚPAVATN á Reykjanesi*

Sannkölluð fjölskylduparadís.

Veiðihús með 8-10 svefnplássum, gott útigrill og fallegt umhverfi.

Stangarfjöldi er takmarkaður við 10 stangir og ekki er heimilt að veiða af bát. Gilda sömu reglur um komu í hús og fyrir Hlíðarvatn, þ.e. koma má í hús og hefja veiði kl. 18 að kvöldi fyrir skráðan veiðidag og ljúka skal veiði og skila hreinu húsi fyrir kl. 18 á skráðum veiðidegi.

Lykilnúmer að lyklalás fylgir veiðileyfinu og æskilegt að rugla honum vel að dvöl lokinni.

Á hverju sumri er sleppt talsverðu af vænum fiski í vatnið.

**Verðskrá:**
**Verð fyrir húsið og allt vatnið pr. dag**

| **Dags.** | **stangir** | **félagsmenn** |
|---|---|---|
| **12/6** | **10** | **16.000,-** |
| **19/6** | **10** | **16.000,-** |
| **19/7** | **10** | **16.000,-** |
| **20/7** | **10** | **19.000,-** |
| **7/8** | **10** | **16.000,-** |
| **8/8** | **10** | **16.000,-** |
| **2/9** | **10** | **19.000,-** |





# Fossálar

## Verðskrá:

Verð á stöng pr. dag

**Fjögurra daga holl með skiptingu á miðjum degi**

| Dags. | Stangir | Félagsmenn. | Aðrir |
|---|---|---|---|
| 20/6-7/8 | 3 | 2.200,- | 2.530,- |

**Tveggja daga holl með skiptingu á miðjum degi**

| Dags. | Stangir | Félagsmenn. | Aðrir |
|---|---|---|---|
| 7/8-23/8 | 3 | 15.900,- | 18.285,- |
| 23/8-2/9 | 3 | 20.600,- | 23.690,- |
| 2/9-18/10 | 3 | 29.400,- | 33.810,- |

**Veiðihús er innifalið í öllum verðum.**

**Ath. vegna happdrættis og veiðidaga SVH koma eftirtaldir dagar ekki til úthlutunar: 6/7-10/7, 30/7-3/8 og 7/8-9/8**

## *Ódýr gisting og veiðileyfi*

Leigt er út húsið fjóra daga í senn yfir sumartímann sem stendur frá 20.júní til 7. ágúst ásamt þremur stöngum.

**Hvert holl kostar 26.400 krónur.**

### *Veiðitilhögun*

**Sumarveiði**
**Fjöldi stanga:** 3
**Skipting daga:** Fjögurra daga holl (hálfur, heill, heill, heill og hálfur dagur)
**Veiðitími:** 20. júní – 7. ágúst
**Agn:** Fluga, spónn og maðkur
**Haustveiði**
**Fjöldi stanga:** 3
**Skipting daga:** Tveggja daga holl (hálfur, heill og hálfur dagur)
**Veiðitími:** 7. ágúst – 18. október
**Agn:** Fluga, spónn og maðkur

**Daglegur veiðitími:**
20. júní til 14. ágúst frá kl 7-13 og 16-22
14. ágúst til 18. okt frá kl 7-13 og 15-21.

Seld eru leyfi til 18. október þar sem leyfi fékkst fyrir framlengingu, (10. okt.-18. okt.), síðasta ár, ef einhverra hluta vegna framlenging verði ekki heimiluð verða þau veiðileyfi sem seld eru þann tíma endurgreidd. Einnig er rétt að vekja athygli á því að einnig gæti orðið um veiðitakmarkanir á einhvern hátt að ræða í framlengingu t.d. eingöngu veitt á flugu og jafnvel sleppiskyldu á veiddum fiski.



*Veiðihús Fossála.*

### *Staðsetning*

Fossálar eru í Skaftárhreppi í V-Skaftafellssýslu um 15 km austan við Kirkjubæjarklaustur. Fossálar falla til Skaftár austast á Síðunni.

Fossálar er nokkuð vatnsmikil á sem á upptök sín sunnan undir Miklafelli á Austur-Síðuafrétti í um 550-600 m h. y. s.

### *Leiðarlýsing að húsi*

Ekinn er þjóðvegur 1 sem leið liggur yfir brúna yfir Fossálana og tekinn fyrsti vegslóði til hægri af þjóðvegi 1 í gegnum merkt hlið. Þar er slóðanum fylgt, sem er vel merktur þar til að húsinu kemur.

### *Veiðihús*

Gott veiðihús er við ána og er aðstaða þar eins og best verður á kosið. Húsið er staðsett við hraunjaðarinn við syðri-Ál í



*Erling Jóhann Brynjólfsson með glæsilegan birting*

ákaflega fallegu umhverfi, en náttúrufegurð svæðisins er einstök.

Húsið er rafvætt og í því eru tvö þriggja manna herbergi (kojur) setuaðstaða, sturta, eldhúskrókur með ísskáp, eldavél og kælikistu.

Gasgrill er á staðnum.

Veiðimenn leggja sjálfir til sængur, sængurfatnað, tuskur og viskustykki.

Veiðimenn mega koma í veiðihúsið einni klukkustund áður en veiði hefst og skulu rýma húsið klukkan 14 brottfarardag.

Veiðimönnum ber að þrífa húsið fyrir brottför og fjarlægja rusl.

### Veiðisvæðið

Veiðisvæðið nær frá landamærum gegnt Orrustuhól, rétt ofan gömlu þjóðvegarbrúarinnar og til merkja á Brunasandi þar sem veiðisvæði Vatnamóta tekur við.

Syðri-Áll er einnig með þessu svæði og eru upptök hans við hraunbrúnina, hjá veiðihúsinu og sameinast Fossálum á Brunasandi. Rétt er að veita því svæði nokkra athygli því þar er oft ágæt veiði þó svo það láti lítið yfir sér. Veiðin er bleikja fyrri hluta sumars, sjóbirtingur er líða tekur á haustið. Hægt er að aka um neðri veiðistaði árinnar



*Ragnar Solvang með flottan birting á veiðistað nr 16*



*Flottur hópur stillir upp í „sjálfumynd*

### Veiðin 2018

Ágætis veiði var í Fossálum árið 2018, það voru 95 fiskar færðir til bókar og þar af veiddust 90 birtingar. Meðalþyngd skráðra fiska var 2,7 kg og voru 8 birtingar skráðir 4kg eða stærri.

### Þeir stærstu voru eftirfarandi:

Jón Marteinsson veiddi 6,7 kg sjóbirting á veiðistað 12, þann 19. október á maðk.

Bergljót Þorsteinsdóttir veiddi 6,6 kg sjóbirting á veiðistað 16, þann 27. september á hvítan Reflex.

A. Smári Þorvarðarson veiddi 5,3 kg sjóbirting á veiðistað 14, þann 15. október á bláan Hammer.

Jakobína Björk Jónasdóttir veiddi 5,1kg sjóbirting á veiðistað 16, þann 27. september á hvítan Reflex.

Árnefnd vill þakka veiðimönnum fyrir góða umgengni á húsi og veiðisvæði og vonast eftir góðu samstarfi við veiðimenn áfram.



*Kastað á veiðistað nr 16*




# Hrolleifsdalsá

## Verðskrá

**Verð á stöng pr. dag**

| Dags. | Stangir | Félagsmenn | Aðrir |
|---|---|---|---|
| 22/6–30/6 | 3 | 8.900,- | 10.235,- |
| 30/6–2/9 | 3 | 10.900,- | 12.535,- |
| 2/9-18/9 | 3 | 8.900,- | 10.235,- |

**Veiðihús er innifalið í öllum verðum.**

**Ath! Happdrættis og veiðidagar SVH sem koma ekki til úthlutunar: 26/6-28/6, 8/7-10/7, 14/7-16/7, 28/7-30/7, 7/8-9/8 og 4/9-6/9**

### *Veiðitilhögun*

**Fjöldi stanga:** 3
**Skipting daga:** Tveggja daga holl (hálfur, heill og hálfur dagur)
**Veiðitími:** 20. júní – 20. sept.
**Agn:** Fluga, spónn og maðkur frá ósi upp að brú. Spónn bannaður fyrir ofan brú.

**Daglegur veiðitími:**
20. júní til 14. ágúst frá kl 7-13 og 16-22
14. ágúst til 20. sept. frá kl 7-13 og 15-21.



*Veiðihús Hrolleifsdalsár*

### *Staðsetning*

Áin fellur í austanverðan Skagafjörð um 18 km. norðan Hofsóss rétt sunnan við kirkjustaðinn Fell í Sléttuhlíð. Þar bjó forðum galdraklerkurinn Hálfdán á Felli.

Þetta skemmtilega veiðisvæði býður upp á mjög fallega sjóbleikju, urriða og laxavon.

### *Leiðarlýsing að húsi*

Húsið er staðsett ofan vegar í landi Tjarna. Ekinn er þjóðvegur nr. 76 að bænum Tjarnir og þar tekin hægri beygja inn á slóða sem liggur að veiðihúsi.

Hægt er að aka um neðri veiðistaði árinnar en til að komast fram á dal þarf að nota tvo jafnfljóta.



*Ragnheiður Inga Hjaltadóttir, Alda Ögmundsdóttir, Ólafur Jónsson, Hinrik Bjarki Hjaltason og Frosti Pétur Garðarsson.*



*Flott morgunveiði*



*Þóra Sigrún í fögru umhverfi Hrolleifsdalsár*

### *Veiðihús*

Ágætis veiðihús er við ána. Húsið er með tveimur tveggja manna herbergjum auk svefnlofts. Einnig er góður svefnsófi á staðnum. Þá er einnig heitt vatn ásamt sturtu. Húsið er rafvætt og helstu tæki eru til staðar, svo sem eldavél, ísskápur, kaffivél, brauðrist ofl.

Gasgrill er á staðnum

Veiðimenn mega koma í veiðihúsið einni klukkustund áður en veiði hefst og skulu rýma húsið klukkan 14 brottfarardag.

Veiðimönnum ber að þrífa húsið fyrir brottför og fjarlægja rusl.

Veiðimenn leggja sjálfir til sængur, sængurfatnað, tuskur og viskustykki.

### *Veiðin 2018*

Veiðin síðasta sumar var nokkuð betri en árið áður. 241 fiskar voru skráðir í bók.

Veiðin skiptist þannig: 126 bleikjur, 112 urriðar og 3 laxar.

Eins og undanfarin ár er mesta bleikjuveiðin “fram á dal” í ágústmánuði en oft hægt að gera mjög góða veiði í urriðanum í september ef hann er komin niður úr vötnunum Sléttuhlíðarvatni og Kappastaðavatni til hrygningar.



*Jökull Ingi Garðarsson með væna bleikju úr Hrollunni*



*Logi Sigurðsson og Krummi Júníus Jónsson að grandskoða aflann*




# Reykjadalsá

## Verðskrá

**Verð á stöng pr. dag**

**Stakur dagur frá hádegi til hádegis**

| Dags. | Stangir | Félagsmenn | Aðrir |
|---|---|---|---|
| 22/6-30/6 | 2 | 12,100,00 | 13,915,00 |
| 30/6-8/7 | 2 | 20,900,00 | 24,035,00 |
| 8/7-16/7 | 2 | 32,300,00 | 37,145,00 |
| 16/7-24/7 | 2 | 36,500,00 | 41,975,00 |
| 24/7-1/8 | 2 | 40,300,00 | 46,345,00 |

**Tveggja daga holl með skiptingu á hádegi**

| Dags. | Stangir | Félagsmenn | Aðrir |
|---|---|---|---|
| 1/8-9/8 | 2 | 42,600,00 | 48,990,00 |
| 9/8-21/8 | 2 | 46,700,00 | 53,705,00 |
| 21/8-29/8 | 2 | 49,600,00 | 57,040,00 |
| 29/8-24/9 | 2 | 52,800,00 | 60,720,00 |
| 24/9-28/9 | 2 | 50,800,00 | 58,420,00 |

**Ath! Happdrættisdagar sem koma ekki til úthlutunar: 24/6-26/6 og 2/7-4/7**

### *Veiðitilhögun:*

**Sumarveiði**
**Fjöldi stanga:** 2
**Skipting daga:** Stakur dagur (hálfur og hálfur dagur)
**Veiðitími:** 20. júní – 1. ágúst
**Agn:** Fluga og maðkur

**Haustveiði**
**Fjöldi stanga:** 2
**Skipting daga:** Tveggja daga holl (hálfur, heill og hálfur dagur)
**Veiðitími:** 1. ágúst – 28. sept
**Agn:** Fluga og maðkur

**Daglegur veiðitími:**
20. júní til 14. ágúst frá kl 7-13 og 16-22
14. ágúst til 30. sept. frá kl 7-13 og 15-21



*Veiðihús Reykjadalsár*

### *Staðsetning:*

Reykjadalsá í Borgarfirði á upptök sín við rætur Oks og rennur um Reykholtsdal framhjá þeim sögufræga stað Reykholti. Áin sameinast svo Flókadalsá og renna þær saman í Hvítá við Svarthöfða.

### *Leiðarlýsing að húsi*

Sé komið frá Reykjavík er beygt til hægri af þjóðvegi 1 áður en farið er yfir Borgarfjarðarbrúna og inn á Borgarfjarðarbraut (veg nr. 50) eknir eru um 30 km sem leið liggur fram hjá afleggjurunum inn í Skorradal og til Hvanneyrar og síðan framhjá syðri afleggjaranum inn í Lundareykjadal. Yfir Grímsá alla leið til Kleppjárnsreykja og er þar tekin fyrsta beygja til hægri, ekið framhjá félagsheimilinu Logalandi, fljótlega eftir það er tekin vinstri beygja inná slóða til veiðihússins.

### *Veiðihús:*

Fínt veiðihús er við ána, svokallaður A bústaður og er hann staðsettur rétt norðaustan við félagsheimilið Logaland. Í húsinu eru tvö tveggja manna svefnherbergi og svefnloft með dýnum fyrir þrjá. Einnig er sturta, setustofa og eldhúskrókur með ísskáp, eldunarhellum og öllum helstu borð og mataráhöldum. Gasgrill er á staðnum. Við húsið er heitur pottur og nóg heitt vatn er á staðnum. Gott að fara í



*Stefanía Björnsdóttir með flottan lax úr Bæjarfljóti*



*Sigrún Ýr Hjörleifsdóttir með maríulax við veiðistaðinn Klofið*



*Benedikta Benediktsdóttir með stærsta lax sumarsins við Búrfellsfljót*

pottinn og slaka á að loknum veiðidegi.

Veiðimenn mega koma í veiðihúsið einni klukkustund áður en veiði hefst og skulu rýma húsið klukkan 14 á brottfarardag.

Veiðimönnum ber að þrífa húsið fyrir brottför og fjarlægja rusl.

Veiðimenn leggja sjálfir til sængur, sængurfatnað, tuskur og viskustykki.

**Veiðin síðastliðin 14 ár**

| | |
|---|---|
| 2005 | veiddust 200 laxar |
| 2006 | veiddust 107 laxar |
| 2007 | veiddust 196 laxar |
| 2008 | veiddust 270 laxar |
| 2009 | veiddust 251 laxar |
| 2010 | veiddust 231 laxar |
| 2011 | veiddust 160 laxar |
| 2012 | veiddust 45 laxar |
| 2013 | veiddust 296 laxar |
| 2014 | veiddust 170 laxar |
| 2015 | veiddust 335 laxar |
| 2016 | veiddust 126 laxar |
| 2017 | veiddust 250 laxar |
| 2018 | veiddust 266 laxar |

Meðalveiði síðustu 14 ára er 224 laxar.

## *Veiðin 2018*

Mjög góð veiði var síðasta sumar og veiddust 266 laxar og 72 urriðar.

Töluvert var um stóra laxa sem veiddust og var sá stærsti 7,7 kg. Fékkst hann á maðk í Búrfellsfljóti þann 27. september og var þar á ferðinni Benný Benediktsdóttir. Þann 18 ágúst veiddi Magnús Björnsson 7,5 kg lax á fluguna Collie Dog í Klettsfljóti. Það veiddust nokkrir laxar sem vógu 5 til 6 kg og þó nokkrir um 4 kg. Það má geta þess að síðasta sumar veiddust um 90 laxar á flugu og töluvert af sjóbirtingi neðst í ánni.

Meðalþyngd var um 3 kg á þessum 266 löxum.



*Magnús S. Björnsson með stærsta flugulax sumarsins við Klettsfljót*



*Jóhann Snæbjörn Traustason og Sturla Gunnar Eðvarðsson góðir saman*



*Arna Hlín með maríulax úr Klettsfljóti*



*Óskar Fæseth yngri með flottan fisk í Reykholtsfljóti*

Veiðin milli mánaða skiptist þannig: júní 12 laxar, júlí 143 laxar, ágúst 30 laxar, sept 93 laxar. Veiðin dreifðist vel um ánna og voru gjöfulustu staðirnir Klettsfljót, Ásgarðsfljót, Breiðafljót, Eyjafljót, Tunnubakki og Búrfellsfljót. Júní og júlí veiðin var með því betra sem verið hefur í mörg ár.

## *Yngsti veiðimaðurinn*

Grétar Atli Sigurbjörnsson 7 ára fékk 3 kg maríulax í Klettsfljóti á maðk.

Við viljum biðja menn um að skrá vel aldur yngri veiðimanna þar sem veittur er bikar fyrir stærsta fisk veiddan af barni félagsmanns undir 16 ára aldri.



Íslandsbanka Appið

# Léttu þér lífið með Íslandsbanka Appinu

Við erum stöðugt að þróa Íslandsbanka Appið
til að létta þér lífið í dagsins önn.

- Hærri úttektarheimild í Hraðfærslum
- Yfirlit og greiðsla ógreiddra reikninga
- Yfirlit og staða reikninga
- Myntbreyta og gengi gjaldmiðla
- Vildartilboð Íslandsbanka og fjöldi annarra aðgerða
- Verðbréfayfirlit VÍB

Sæktu Íslandsbanka Appið á islandsbanki.is/app

islandsbanki.is Netspjall Sími 440 4000 Facebook

Íslandsbanki